04 Bjarney Þorleifsdóttir 1858 foþ
05 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
06 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba
07 Guðmundur Engilbertsson 1860 lama

Yt 1937 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 Syastkin bú
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 Systkin bú
03 Jóhannes Jónsson 1855 foþ
04 Bjarney Þorleifsdóttir 1858 foþ
05 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
06 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba

Yt 1938 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú syk
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 bú syk
03 Jóhannes Jónsson 1855 foþ
04 Bjarney Þorleifsdóttir 1858 foþ
05 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
06 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba

Yt 1939 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 búsyk
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 búsyk
03 Jóhannes Jónsson 1855 foþ
04 Bjarney Porleifsdóttir 1858 foþ
05 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
06 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba

Yt 1940 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 hb
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 rákha
03 Jóhannes Jónsson 1855 Faðirþ
04 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
05 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba

Yt 1941 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 búsyk
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 búsyk
03 Jóhannes Jónsson 1855 Faðirþ
04 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 fóba
05 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 fóba

Yt 1942 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 búsyk
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 búsyk
03 Jóhannes Jónsson 1855 Faðirþ
04 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 upba
05 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upba

Yt 1943 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 rák
03 Jóhannes Jónsson 1855 Faðirþ
04 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 upba
05 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upba

Yt 1944 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 rák
03 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 upba
04 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upba

Yt 1945 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú syk
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 búsyk
03 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 upba
04 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upba

Yt 1946 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 rák
03 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 upba
04 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upba

Yt 1947 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 bú
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 syha

03 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 sybahe
04 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 sybahe

Yt 1948 01 Jens Jón Jóhannesson 1892 búo
02 Kristín Jóhannesdóttir 1889 rák
03 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 upso

Ytrihús 2 (Yt 2)

Yt 2 1893 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Sigurður Sólberg Hákonarson 1870 vima

Yt 2 1894 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Sigurður Sólberg Hákonarson 1870 vima

Yt 2 1895 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Sigurður Sólberg Hákonarson 1870 vima

Yt 2 1896 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Ólafía Geirmundsdóttir 1877 viko
04 Ingibjartur Pálsson 1887 tödr
05 Gísli Oddsson 1894 tödr

Yt 2 1897 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Ingibjartur Pálsson 1887 tödr
04 Gísli Oddsson 1894 tödr

Yt 2 1901 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Gísli Oddsson 1894 tödr
04 Solveig Friðriksdóttir 1851 viko
05 Jóhanna Guðrún Tómasdóttir 1890 dóhe

Yt 2 1902 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb
02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Gísli Oddsson 1894 fóba

Yt 2 1903 01 Sigurður Jónasson 1870 húbæ
02 Jónína G. Sigurðardóttir 1877 húbæ
03 Marvin Sigurðsson 1898 bþ
04 Raket Sigurðardóttir 1901 bþ
05 Jens Jón Jóhannesson 1892 sm

Yt 2 1904 01 Finnbogi Friðriksson 1847 hb

- 02 Ingibjörg Pálsdóttir 1845 rák
03 Gísli Oddsson 1894 tödr
04 Jónas Jón Valdimarsson 1898 tödr
05 Ólína Guðmundsdóttir 1850 viko
- Yt 2 1907 01 Guðmundur Engilbertsson 1860 tóhj
02 Anna Jónína Bjarnadóttir 1865 tóhj
03 Guðfinna Steinunn Guðmundsdóttir 1891 bþ
04 Sigríður Elísabet Guðmundsdóttir 1898 bþ
05 Bjarney Gróa Guðmundsdóttir 1900 bþ
06 Eyjólfá Björg Guðmundsdóttir 1904 bþ
- Yt 2 1908 01 Guðmundur Engilbertsson 1860 tóhj
02 Anna Jónína Bjarnadóttir 1865 tóhj
03 Kristján Guðmundsson 1893 bþ
04 Bjarney Gróa Guðmundsdóttir 1900 bþ
05 Eyjólfá Björg Guðmundsdóttir 1904 bþ
- Yt 2 1909 01 Pétur Pétursson 1849 tóhj
02 Kristín Ólafsdóttir* 1850 tóhj
- Yt 2 1910 01 Guðmundur Bjarnason 1875 húbæ
02 Karólína Friðriksdóttir 1868 húbæ
03 Kristján Sveinn Helgi Guðmundsson 1900 bþ
04 Friðrikka V. Jóna Guðmundsdóttir 1902 bþ
05 Bjarni Guðmundsson 1904 bþ
06 Ingveldur Guðmundsdóttir 1907 bþ
07 Magnús Guðmundsson 1909 bþ
08 Jóna Benediktsdóttir 1864 Húsm.
09 Gestur Oddfinnur Gestsson 1895 Húsm.
- Yt 2 1911 01 Guðmundur Bjarnason 1875 búhj
02 Karólína Friðriksdóttir 1868 búhj
03 Kristján Sveinn Helgi Guðmundsson 1900 bþ
04 Friðrikka V. Jóna Guðmundsdóttir 1902 bþ
05 Bjarni Guðmundsson 1904 bþ
06 Ingveldur Guðmundsdóttir 1907 bþ
07 Magnús Guðmundsson 1909 bþ
08 Jóhanna Rafnsdóttir 1849 Hjú
- Yt 2 1916 01 Gísli Kristjánsson 1874 hb
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 hfr
03 Guðmundur Gíslason Hagalín 1898 bþ
04 Ólafur Gíslason 1903 bþ
05 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
06 Hörður Gíslason 1914 bþ
07 Guðmundur Gísli Kristjánsson 1901 fóba
08 Bjarney Guðmundsdóttir 1886 Hjú
- 09 Ásta Bjarnadóttir 1901 Hjú
- Yt 2 1917 01 Gísli Kristjánsson 1874 húbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 húbæ
03 Guðmundur Gíslason Hagalín 1898 bþ
04 Ólafur Gíslason 1903 bþ
05 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
06 Hörður Gíslason 1914 bþ
07 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ
08 Guðmundur Gísli Kristjánsson 1901 fóba
- Yt 2 1918 01 Gísli Kristjánsson 1874 húbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 húbæ
03 Ólafur Gíslason 1903 bþ
04 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
05 Hörður Gíslason 1914 bþ
06 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ
07 Guðmundur Gísli Kristjánsson 1901 fóba
- Yt 2 1919 01 Gísli Kristjánsson 1874 húbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 húbæ
03 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
04 Hörður Gíslason 1914 bþ
05 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ
06 Guðmundur Gísli Kristjánsson 1901 fóba
- Yt 2 1920 01 Gísli Kristjánsson 1874 húbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 húbæ
03 Ólafur Gíslason 1903 bþ
04 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
05 Hörður Gíslason 1914 bþ
06 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ
07 Jón Eiríkur Guðmundsson 1912 fóba
- Yt 2 1921 01 Gísli Kristjánsson 1874 húbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 húbæ
03 Ólafur Gíslason 1903 bþ
04 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
05 Hörður Gíslason 1914 bþ
06 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ
07 Ólafía Guðmundsdóttir 1894 lako
- Yt 2 1922 01 Gísli Kristjánsson 1874 hjhúbæ
02 Guðný Guðmundsdóttir 1878 hjhúbæ
03 Ólafur Gíslason 1903 bþ
04 Fanney Gísladóttir 1911 bþ
05 Hörður Gíslason 1914 bþ
06 Þorbjörg Gísladóttir 1917 bþ

07 Ólafía Guðmundsdóttir 1894 Hjú

05 Sigríður Jónsdóttir 1911 bþ

Yt 2 1923 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 tóhj
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 tóhj
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ

Yt 2 1929 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 húhj
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 húhj
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ
05 Finnbogi Ingiberg Jónasson 1924 bþ
06 Valdimar Jón Jónasson 1925 bþ
07 Ásgerður Sólveig Jónasdóttir 1928 bþ

Yt 2 1924 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 hjjú
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 hjjú
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ
05 Finnbogi Ingiberg Jónasson 1924 bþ

Ytrihús 3 (Yt 3)

Yt 3 1908 01 Móses Þorl. Bjs. Jónsson 1858 tóhj
02 Kristín Jónína Bjarnadóttir 1866 tóhj
03 Finnjón Mósesson 1895 bþ
04 Þórlaug Ágústa Mósesdóttir 1897 bþ
05 Guðmundur Sveinn Mósesson 1907 bþ

Yt 2 1925 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 tóhj
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 tóhj
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ
05 Finnbogi Ingiberg Jónasson 1924 bþ
06 Valdimar Jón Jónasson 1925 bþ

Yt 3 1926 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 tóhj
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 tóhj
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ
05 Finnbogi Ingiberg Jónasson 1924 bþ
06 Valdimar Jón Jónasson 1925 bþ

Yt 2 1926 01 Finnbogi Friðriksson 1847 tóhú

Yt 2 1927 01 Tryggvi Sigtr. Kristinss. 1896 búa
02 Kristjana Vigdís Jónsdóttir 1904 búa
03 Hjalti Hannes Jörundsson 1912 Hjú
04 Arnfríður Lára Álfadóttir 1896 lako ek
05 Álfheiður Guðjónsdóttir 1920 bahe

Yt 3 1928 01 Jónas Jón Valdimarsson 1898 tóhj
02 Kristbjörg R.Þóroddsdóttir 1902 tóhj
03 María Sigríður Jónasdóttir 1920 bþ
04 Bjarni Reinharður Jónasson 1922 bþ
05 Finnbogi Ingiberg Jónasson 1924 bþ
06 Valdimar Jón Jónasson 1925 bþ
07 Ásgerður Sólveig Jónasdóttir 1928 bþ

Yt 2 1928 01 **Jón Matthíasson 1862** húhj
02 Pálína Þorlaug Jóhannesdóttir 1888 húhj
03 Guðrún Marta Jónsdóttir 1927 bþ
04 Guðmundur Sigurður Jónsson 1928 bþ

Eftirmáli

Tölvuskráð gagnasöfn gefa færi á margs konar úrvinnslu skrásetningaratriða.

Af föstum liðum hér í lokin er fyrst tafla yfir bæina (sbr. einnig inngang) og hefur hver bær sinn dálk. Í fyrstu línu er fjöldi færslna á hvern bæ árin 1880-1948 í Dýrafirði. Að jafnaði fer fjöldi þeirra eftir fjölda heimilisfólks sem er skráður í 2. línu töflunnar. Næstu þrjár línur eru einnig höfðatölur en síðan hlutfallstölur. Hlutfallstala barna er víðast há oft nálægt helmingi.

Í Dýrafirði voru lengst af skilgreindar 5 kirkjusóknir, manntalseiningar, í tveimur prestaköllum, Sandaprestakalli: Hrauns og Sandasókn. Í Dýrafjarðarþingum: Mýra-, Núps- og Sæbólssóknir. Eðlilegast hefði verið að tölvuskrá í hefti jafnmörg en þau hefðu þá orðið óþægilega misstór. Því var skipt í 10 einingar, hér kallaðar þyrpingar af svipaðri stærð.

Sá sem skráður var fyrstur á heimili sóknanna bar ábyrgð gagnvart presti á kristindómi og lestrarkunnáttu barnanna. Presturinn bar ábyrgð gagnvart biskupi. Framan af, um 1880, var ekki ástæða til að taka fram starf viðkomandi. Það var búskapur og sjósókn (útvegsbændur) nema í tilfellum prestsins og e.t.v. kaupmanns eða sýslumanns. Á sumum bæjum voru fleiri en ein hjón (fjölskylda, heimili) og voru á eftir húsráðanda skráð húshjón. Sjaldan þótti ástæða til að nefna starf húshjóna fremur en húsbænda. Með tímanum varð algengara að húsfólk flyttist í eigið hús, kallað tómhús eða þurrabúð til marks um að það heimilihald byggðist ekki á jarðnæði.

Sóknarmannatölin (prestarir) gerðu ekki greinarmun á stöðu og starfi. Þetta tvennt blandast saman í bókhaldinu og gerir tölulega meðferð sóknarbornanna erfiðari en ella. Ljóst er að húsráðandi gat ýmist verið karl eða kona ef ekki hjón. Í flokkun þessarar tölvuskráningar eru þau kölluð húsbóndi og húsfreyja. Önnur hjón í sama heimilisfangi eru kölluð eiginmaður og eiginkona.

Ef starf fylgir skráningu prestsins er það fært í sérstakan dálk þótt presturinn geri það ekki í frumritinu. Bæði staða fólks og starfsheiti breyttust með tímanum. Vinnumaður varð verkamaður, ómagi varð fósturbarn, vinnukona varð húsmóðir o.s.frv.

Misjafnt var hversu sum stöðuheiti voru lengi eða oft viðhöfð, t.d. ekkja eða ekill. Svipað var um börn. Hið almenna var að telja börn komin í fullorðinna manna tölu við fermingu. Þó var skráð „þeirra barn“ fram eftir öllum aldri ef ekki komu önnur stöðuheiti til. Hér í skránni er barn skráð til og með 14. árinu. Ef ekki kom annað til er hið fermda barn skráð dóttir ógift eða sonur ókvæntur uns önnur staða er skráð.

Listar heimilisfólks í talinu eru 9.736. Það helst í hendur við jafn mörg fyrstu sæti í skránum. Af þeim voru 319 sinnum einn í heimili undir ýmsum stöðuheitum en í þessu sambandi nefndir húsbóndi eða húsfreyja eins og aðrir í 1. Sæti. Fjölmörg önnur stöðuheiti líkrar merkingar innbyrðis

Bæir sóknar / þyrpingar, fjöldi skráninga Fjöldi. Barna einstæðra mæðra og tókubarna.

7 Núpur	Brekka	Haukb.	Núpur	Helgah.	Skólinn	Hlíð	Kotn.	Prestsh.	Rani	Sj.hóll	Slétta	Stúkh.	Ytri hús
Allar færslur	84	101	1007	15	74	77	476	47	216	103	35	81	585
Allir íbúar, sálir	7	13	227	1	19	5	42	10	48	29	15	23	156
Öll börn 0-14 ára, sál.	5	7	77	0	9	3	20	6	20	15	7	4	72
Tökubörn sálir			14			1	3		1	1	1	1	13
Einst. mæðra sálir		2	8								1		4
Önnur börn sálir	5	5	55	0	9	2	17	6	19	14	5	3	55
% tókubarna	0,0	0,0	18,2	0,0	0,0	33,3	15,0	0,0	5,0	6,7	14,3	25,0	18,1
% barna einstæðra	0,0	28,6	10,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	14,3	0,0	5,6
% barna af öllum íb.	71,4	53,8	33,9	0,0	47,4	60,0	47,6	60,0	41,7	51,7	46,7	17,4	46,2
% töku og einst. Barna	0,0	28,6	28,6	0,0	0,0	33,3	15,0	0,0	5,0	6,7	28,6	25,0	23,6

Tafla 1

voru samræmd í eitt. Með þetta allt í huga og ýmislegt fleira urðu hinar 73.515 færslur talsins að

ýmsum flokkum eða hópum. Ef frá er tekin skiptingin í karla (35.775) fæslur og konur (37.740) eru börn fjölmennasti flokkurinn með 21.595 fæslur. Fæslutölur eru að sjálfsögðu annað en höfðatölur eða nöfn. Karlar voru 2.361, konur 2.508 og börn 2.806 nöfn. Börn voru almennt ekki skráð sem vinnufólk en þó kemur það fyrir í 800 skráningartilfellum. Langflestar slíkar skráningar barna eru sem léttingur, næstflestar sem smala en allnokkrar þó vinnupilta, vinnustúlkur, vinnukonur og vinnumenn jafnvel þótt á barnsaldri væru. Af þessum 2.806 nöfnum á skrásetjari Aðalsteinn eitt með 9 skráningum á Núpi til ársins 1948 þegar skráningu var hætt á Núpi eins og annars staðar og Þjóðskrá með nafnnúmerum og kennitölum tók við.

Um mannfjölda

Undir lok 19. Aldar voru manntöl tekin á 10 ára fresti á vegum landsstjórnarinnar. Eftir sem áður skráðu prestar sóknarbörn sín. Tölur töflunnar eru skráningarfjöldi í

Íbúatölur, þróun						
Íbúafjöldi manntalsára skv. sóknarmannatölum	1890	1901	1910	1920	1930	1940
7 Núpssókn Núpur	42	41	42	35	30	44
Brekka						7
Haukabergr						8
Heimajörð 1	19	18	12	13	9	6
Heimajörð 2						1
Helgahús			1	1		
Hlíð					4	4
Kotnúpur	11	7	5		9	7
Prestshús						3
Rani	3	3	6	5		
Sjónarhóll			7	3		
Stúkuhús				2	1	3
Ytrihús	9	8	2	4	7	5
Ytrihús 2		5	9	7		
Grand Total	42	41	42	35	30	44

Tafla 2

sóknarmannatölunum. Kirkjusóknin er kennd við

Núp sem var höfuðból frá alda öðli.

Brekka í Núpssókn var starfsmannabústaður lítið eitt utar og ofar en Haukabergr og stóð ekki lengi. Þar er nú sumarhús. . Haukabergr var nýbýli úr landi Ytrihúsa sem fyrst var hjáleiga frá Núpssjörð en varð sjálfstæð bújörð sem síðast komst í eigu skólans.

Helgahús var í eigu einsetumanns, sjómanns, sem þar var helst milli vertíða en sótti annars sjó frá Ísafirði eftir því sem helst er um hann vitað.

Sjónarhóll, ásamt Sléttu, sem ekki komst á manntal, var þurrabúð rétt við Núpssárbrú. Húsið Hlíð var byggt í landi Ytrihúsa og varð síðast aðsetur prests- og skólastjórahjónanna sr. Sigtryggs og Hjaltlínu. Sr. Eiríkur byggði eða lét byggja það sem á listanum er skráð Prestshús..

Núpssókn er skipt á milli tveggja hefta vegna þess að skrásetjari var áður búinn að fjalla um sóknina í bókinni Núpsskóli í Dýrafirði og fylgihefti með fyrri útgáfu sóknarhefta Dýrafjarðarþinga. Þau hefti fyrir sóknirnar þrjár í Dýrafjarðarþingum voru áður komin á netið undir slóðinni Núpsskóli.is. Þau eru hins vegar endurgerð fyrir þessa heftaröð til þess að ná skárra samræmi við hefti Sandaprestakalls. Þessu nefnda fylgihefti (nær öllu) er nú skeytt aftan við Núpshluta sóknarinnar og þótti þannig fást hæfileg stærð heftis.

Um stöðu fólks á heimili og í samfélagi						
7 Núpssókn Núpur	1890	1900	1910	1920	1930	1940
1 Húsfreyja	3	4	5	5	3	6
1 Húsráðandi	4	4	4	4	3	6
2 Ættingi	1	2	2	6	5	3
3 Tökubarn	1	1	1	2	2	3
4 Verkafólk	16	4	2		1	2
5 Skjólstæðingur	1					
6 Húsfólk		3	5	2		
7 Lausafólk		1		1	2	1
8 Starfsheiti		1	1	1	2	5
Barn	12	12	17	8	5	8
Dóttir ógift	1	1	2	1	4	3
Sonur ókvæntur	3	1	3	5	3	7
Alls	42	34	42	35	30	44

Tafla 3

Taflan sýnir skiptingu heimilisfólks í hlutverk eða stöðu á heimilum svæðisins. Ýmis álitamál eru við slíka flokkun og þá fyrst þau að ekki var

	1890	1901	1910	1920	1930	1940
7 Núpssókn Núpur	7	13	12	12	8	15
Húsbóndi	4	5	7	7	5	9
Húsfreyja	3	4	5	5	3	6
Eiginmaður		2				
Eiginkona		2				
Alls	7	13	12	12	8	15

Tafla 4

fullt samræmi í skráningu prestanna. Örugust var röðun fólks frá hinum efsta heimilisfólks, þ.e. nr. 1 sem skýlaust var húsráðandi. Hið venjulega var að maður og kona röðuðust númer 1 og 2 og voru saman skráð húsbændur. Öðru máli gegndi þegar annað þeirra féll frá eða einyrkjar af öðru tagi komu til. Algengast frávika var í þéttbýli þar sem ekki voru setnar jarðir heldur tómthús eða þurrabúðir. Húsráðendur slíkra heimila voru venjulegast skráðir húsfólk (ekki húsbændur). Enn algengara var að hjón væru í húsmennsku neðar á lista heimilisfólks. Hver svo sem staða einstaklings að öðru leyti og hvar sem hann var í röð gat hann eða hún haft starfsheiti svo sem smiður eða sjómaður. Eiginkona slíks manns er í frumritinu oft skráð eiginkona en ella hans **kona, húsfreyja eða húsfú.**

Húsbændur voru framan af jafnan bændur og sjósóknarar og það var ekki tekið fram við skráningu. Fremur fátítt var að menn væru skráðir bændur en þó kom það fyrir bæði efstu menn og neðar á lista heimilisfólks. Allt þetta dregur úr nákvæmni þessarar tilraunar til flokkunar. Fjölmörg undirheiti eru undir sumum þessara flokka svo sem verkafólks eða skjólstæðinga.

Með því að taka hjón út úr og flokka sérstaklega sést hvernig þær breyttu forsendur geta breytt niðurstöðum flokkunar í heild (Töflur 3 og 6 og 4 og 5.)

	1890	1901	1910	1920	1930	1940
7 Núpssókn Núpur	7	9	9	9	6	12
1 Húsfreyja	3	4	5	5	3	6
1 Húsráðandi	4	5	4	4	3	6
Alls	7	9	9	9	6	12

Tafla 5

Um breytta flokkun

7 Núpssókn Núpur	1890	1900	1910	1920	1930	1940
2 Ættingi	1	2	2	6	5	3
3 Tökubarn	1	1	1	2	2	3
4 Verkafólk	16	4	2		1	2
5 Skjólstæðingur	1					
6 Húsfólk		1	2			
7 Lausafólk		1		1	2	1
8 Starfsheiti		1	1			1
Barn	12	12	17	8	5	8
Bústjórn						1
Dóttir ógift	1	1	2	1	4	3
Eiginkona		1				
Eiginmaður		1				
Húsbóndi	4	4	7	7	5	9
Húsfreyja	3	4	5	5	3	6
Sonur ókvæntur	3	1	3	5	3	7
Alls	42	34	42	35	30	44

Tafla 6

Í töflum 4 og 5 hefur munurinn á þessu verið dreginn fram sérestaklega. Áhrifin á flokkun annarra koma fram í töflu 6 þar sem tölur t.d. um húsfólk eða verkafólk eru einnig líklegri til að breytast frá töflu 3 vegna þess að innan þessara flokka voru hjónabönd algeng. Athyglisvert er að skoða þróun verkafólks frá 1890 til 1940. Tölur um ógiftar dætur eða ókvænta syni virðast hafa tilhneigingu til þess að þróast í aðra átt.

Um yfirflokka heildarinnar

Yfirflokkar	Skráningar
Húsbóndi	8.967
Húsfreyja	8.924
Sonur ókvæntur	4.414
Dóttir ógift	3.709
Barn	21.595
Ættingi	3.322
Húsfólk	1.345
Eiginmaður	1.641
Eiginkona	2.186
Ekkja	142
Húshjálp	55
Bústjórn	683
Starfsheiti	1.451
Tökubarn	3.027
Tökubarn fermt	67
Skjólstæðingur	696
Verkafólk	9.752
Lausafólk	1.210
Nám	315
Unnusta	14
Alls	73.515

Tafla 7

Yfirflokkar heildarsafnsins og færslutölur fyrir hvern þeirra eru skv. töflunni.

Í skráningu prestanna koma fyrir hundruð afbrigða stöðu og starfs. Lítil merkingarmunur er á mörgum þeirra og hefur þeim þá verið slegið saman. Þrátt fyrir það urðu flokkarnir miklu fleiri en fyrir var séð og varð þá úr að skrá undirflokka og jafnvel undirflokka þeirra.

Undirflokkar Starfsheita	
8 Starfsheiti	1403
Iðnaðarmenn	262
Bakari	13
Bókband	4
Handavinna	12
Járn og vél	87
Ljósmyndun	1
Málari	5
Múrari	4
Seglasaumari	1
Skipasmiður	1
Skósmíði	39
Söðlasmiður	11
Trésmíði	82
Úrsmiður	1
Verkamaður	1
Opinberir	309
Heilbrigðismál	104
Hreppur	23
Menntamál	159
Samgöngur	23
Sjómenn	505
Háseti	367
Skipstjóri	99
Stýrimaður	22
Vélstjóri	17
Rekstur	327
Afgreiðsla	247
Kaupmaður	23
Skrifstofa	13
Útgerð	26
Þjónusta	18
Alls	1403

Tafla 8

Yfirflokkurinn *starfsheiti* hefur 4 undirflokkar, Iðnaðarmenn (Iðn), opinbera starfsmenn (opinberir), sjómenn og rekstur, Undir hann eru aðallega felldir þeir sem koma að verslun en þeir voru gjarnan atvinnurekendur í þorpum.

Undirflokkar starfsheita	
Heild	Færslur
Menntamál	336
Kennari	179
Prestur	148
Söngstjóri	6
Bókavörður	3
Alls	336
Heild	Færslur
Heilbrigðismál	146
Ljós móðir	43
Læknir	69
Spítali	32
Hjúkrunarkona	2
Alls	146
Heild	Færslur
Samgöngur	51
Sími	38
Póstur	11
Vegamál	2
Alls	146

Töflur 9-11

Í flokknum opinberir eru sýndir þrjú undirflokkar en hinn fjórði kenndur við hreppinn án frekari skiptingar. Þar eru hins vegar stöðuheiti eins og: hreppstjóri, oddviti eða búfræðingur o.fl. álitamál. Þeir sem hafa færstar færslur eru oft á tíðum aðeins einn maður

Inngangur síðari hluta

Formáli

Jónína Jónsdóttir frá Gemlufalli, móðursystir Aðalsteins Eiríkssonar, ræddi oft í hans eyru um forfeður sína og ættir, safnaði með viðtölum og ljósritum ýmsu efni og vildi að þessu væri sýnd ræktarsemi. Gott þótti henni af því að segja þegar unnt var að rekja til biskupa, þjóðkunnra manna eða kvenskörungna þótt löngu væru liðnar. Nærri hálf öld er nú (2019) liðin frá því þetta var og sá er þetta skrifar fór að venja komur sínar á Þjóðskjalasafn við Hverfisgötu á heimleiðinni eftir vinnu og skrifa upp nöfn og fæðingardaga Mýrhreppinga úr kirkjubókum. Tölvuvæðing heimsbyggðarinnar gekk í garð og með hverju ári opnuðust nýir kostir skráninga, úrvinnslu og framsetningar efnis. Mikill slaki kom á þessa tómskundaiðu þegar Vigurættin kom út 1992, störfín og starfsvettvangurinn breyttist líka. Lá þetta svo alveg niðri uns tekið var til við ritun sögu Núppsskóla um 2008. Meðal álitamála eða spurninga sem þá vöknudu var sú hvers vegna aðsókn að skólanum varð svo lítil eftir tvö ár að við borð lá að saga skólans yrði ekki lengri. Voru ekki fleiri á skólaaldri eða var efnahagurinn svona bágur? Ekki var öðrum upplýsingum um mögulega nemendur til að dreifa en sóknarmannatölum. Þar var skráður aldur en ekki fæðingardagar og varð fljótlega ljóst að án þeirra var ekki unnt að henda reiður á fólki með nægilegri vissu eða nákvæmni. Leitin að fæðingardögum vakti annars konar áhuga á þessu samfélagi í Dýrafirði og tekinn var upp þráður til hliðar við aðalverkið. Minningaáhugi elliáranna blandast saman við aðra áhugahvöt. Keyrði að lokum um þvert bak þegar aðgangur að kirkjubókum, manntölum og sóknarmannatölum opnaðist á netinu. Tekið var til við að skeyta saman gamlar uppskriftir við nýjar í Excel-forritinu og nú einblínt á sóknarmannatöl prestanna í Mýrabingum frá 1880 til loka þeirra 1948². Sóknarmannatölin eru vídd til viðbótar við kirkjubækur (MinDýr) og manntöl, þ.e.a.s. þau voru árlega gerð og endurnýjuð. Með vissum hætti skrá þau og birta hjartslátt samfélagsins, flutninga fólks, þroskaferil, framgang eða fall í virðingarstiganum, líf og dauða. Í sóknarmannatölum Dýrafjarðarþinga árin 1880-1948 eru rúmlega 29.000 færslur og er það línufjöldinn í "excelnum". Betur hefði verið látið ógert að byggja viðbótarskráningu á þeirri eldri vegna alls konar samræmingarvanda og þarfa sem komu upp síðar. Minni tími hefði farið í að skrifa allt upp að nýju.

Tölvuskráning sóknarmannatala Dýrafjarðarþinga varð til þess að auðveldara er að rekja feril einstaklinga innan sveitar frá ári til árs, samsetningu heimila og vægi þjóðfélagshópa í sveitinni á þeim tíma sem Núppsskóli var að verða til og skólahald almennt á vissum byrjunarreit.

Ýmis lítt fyrirséður vandi kom í ljós og fylgdi þessari fyrirætlan. Í fyrsta lagi er bókfærsla hinna handskrifuðu bóka, frumheimildanna, á höndum fimm presta sem ekki skráðu upplýsingar nákvæmlega með sama hætti, einkum ekki stöðu einstaklinga á heimilum. Þetta misræmi er þó lítilvægt miðað við hversu samviskusamlega þessar bækur voru færðar og í öllum aðalatriðum með samræmdum hætti. Í öðru lagi var aldur fólks að því

² Sóknarmannatöl Dýrafjarðarþinga (prestakall þriggja sókna norðan megin við Dýrafjörð) skv. "skjalaskrar.skjalasafn.is". Þau sem eru varðveitt eru: 1785-1794, 1797, 1798, 1800 1801, 1803, 1805 og 1806 (Vantar framan af og víða innan úr), 1870-1889, 1890-1911 og síðasta talið 1912-1948.

er virðist oft skráður eftir brigðulu minni viðkomandi einstaklinga / viðmælenda eftir árafjölda ævinnar en ekki fæðingardögum. Ógerlegt hefur verið á þeim tíma að sannreyna aldur þeirra sem fæddir voru utan héraðs með hliðsjón af kirkjubókum og urðu prestarnir að treysta gefnum upplýsingum. Við tölvuskráninguna var því brugðið á það ráð að bera nöfn sóknarmannatalanna saman við Íslendingabók á netinu. Ef einstaklingar fundust á báðum skráum var vandinn langoftast leystur með því að þeim bar saman við þær sem fundnar höfðu verið í kirkjubókum eða manntölum. Ef einungis skeikaði degi, mánuði eða ári og kirkjubækur gátu ekki skorið úr var hneigst til að taka upplýsingar Íslendingabókar fram yfir aðrar. Í þessu felst ákveðin samræming og hugsanlegt hagræði við leitir (annarra). Á hinn bóginn eru upplýsingar í skráum svo knappar að oft er ógerningur út frá þeim að skera úr um fæðingardaga. Er þá bókaður síðasti dagur líklegasta ársins, t.d.. 31.12.2019 ef dagsetningu vantar en allt bendir til fæðingarársins 2019. Mörg algeng nöfn eru á sveimi milli bæja á svipuðum tíma undir sama stöðuheiti, t.d. Jón Guðmundsson vinnumaður eða Guðbjörg Sigurðardóttir vinnukona. Oft eru tugir nafna sem til greina koma samhljóða í Íslendingabók án frekari upplýsinga og verður þá ekki lengra komist.

Meðal úrlausnarefna af fyrrgreindu tagi eru tvínefni. Stundum er einungis fyrra nafnið skráð í frumritinu eða hið síðara, stundum bæði eða öll en í mismunandi röð.

Oft hefur í þessum efnum verið ráðið af líkum við skrásetninguna hvaða einstakling muni vera átt við. Hefur þá stundum verið látið nægja að horfa til næstu ára á undan eða á eftir (í nafnaröð Íslendingabókar) eða til landfræðilegra líkinda. Vinnumaður sem hverfur af skrá í Mýrahreppi en kemur fram á "réttum" aldri eftir í Arnarfirði eða Öfundarfirði (í Íslendingabók) hefur stundum í innfærslunni verið tengdur við dagsetningu án fullrar vissu. Þær villur sem þannig hafa nær örugglega einhverjar slæðst inn skipta hins vegar ekki máli fyrir þá úrvinnslu sem hér (síðar) fer fram því að hún er ekki af ættfræðilegum toga heldur þeim sem kalla mætti lýðfræðilegum.

Af þessu leiðir að sjálfsögðu að óráðlegt er að nota þessa samantekt sem lið í ættfærslu nema staðfesting á hinu rétta fáist annars staðar frá einnig.

Á umræddu árabili telst tölvuskrásetjara til að færslur séu 29.042 (auk 25 með ófullnægjandi upplýsingum) og í þeim komi fyrir 2.339 einstaklingar, 1.115 karlar, 1,2224 konur, þær 109 fleiri.³


Rétt er að taka fram að í huga tölvuskrásetjara sóknarmannatalansins er þessi samantekt eins konar viðauki við sögu Núppsskóla sem út kom 2017.⁴ Þar er væntanlega að finna skýringar á ýmsu því sem knappt þykir eða óljóst í þessum inngangi. Í textanum hér á eftir er efni sem varðar skólavist sérstaklega auðkennt með gulum lit.

³ Stöðugt hafa komið upp og koma upp tilefni til leiðréttinga á þessum innslætti, nöfn bætast við eða falla út, og hnikast þá tölur til. Ekki er víst að allar slíkar breytingar komist til skila í súlurítum eða töflum en þær breyta litlu fyrir heildarmyndina.

⁴ Núppsskóli í Dýrafirði. Ungmenna- og héraðsskóli 1907-1992. Hollvinnir Núppsskóla, Aðalsteinn Eiríksson.

Heildartölur mannfjölda í Mýrahreppi og þróun 1880-1948

Árið 1880 við upphaf þessa Mýrhreppingatala⁵ voru hreppsþúar skv. manntali landsstjórnarinnar 451 talsins. Ekki var tekið eða fært sóknarmannatal fyrir 1880. Í sóknarmannatali næsta árs, 1881, eru þeir taldir 473. Tölur manntala og sóknarmannatala eru ekki alveg sambærilegar þar eð tölur voru ekki gerð eða miðuð við sama tíma ársins.



Súlurit 1 Manntöl voru tekin þau ár sem fram koma á súluritinu. Sóknarmannatöl sömu ára eru við hliðina. Séu þau lægri má ætla að fólk sé að heiman, e.t.v. við nám eða störf annars staðar. Sóknarmannatal 1880 var ekki skráð heldur hefur manntalið verið látið nægja. Manntal 1880 í vélrituðu formi er á lestrarsal Þjóðskjalasafns en aðrar tölur eru úr Hagskinnu þar sem mannfjöldi er skráður /prentaður eftir sóknun. Í eintaki Þjóðskjalasafns er viðaukaþlað með nöfnum 30 sóknarmanna sem eru annars staðar.


Sóknarmannatölin miðuðust gjarnan við árslok og þá sem voru staddir á heimilunum en manntöl náðu til þeirra sem áttu lögheimili á manntalsstaðnum hvar sem þeir voru staddir. Manntalið 1880 var tekið 1. október en sóknarmannatalið 1881 var samkvæmt húsvitjun í febrúar 1881 svo dæmi séu tekin. Þessi munur hefur áhrif á aldur tiltekinn í frumritunum en í þessari skrá er aldur reiknaður með því að draga fæðingarárið (hins fundna fæðingardags) frá skráningarári frumritsins.

Árin eftir 1880 fór í hönd einhver versti harðindakafli síðari tíma Íslandssögu. Árið 1890 hafði landsmönnum í heild fækkað úr 72.445 í 70.927. Íbúatalan er svipuð í Mýrahreppi til 1887 og 1888 þegar talan tekur kipp um 37 manns, sem var meira en í flestum öðrum árum. Þannig er þá talan komin í 517 árið 1890 (úr 421 árið 1880).

Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að íbúum sveita á Íslandi hefur farið fækkandi jafnt og þétt frá því á síðari hluta 19. aldar svo sem víðast annars staðar í heiminum.

⁵ Í Mýrahreppi voru þrjár kirkjusóknir. Þær mynduðu saman prestakallið Dýrafjarðarþing. Dýrafjarðarþing og Mýrahreppur eru þannig sama landssvæðið og eru notuð jöfnum höndum í þessum texta., sbr. kort á bls. 29-30.

Í Mýrahreppi náði fjöldinn hæst árið 1895, nær 600 manns. Um nokkurra ára bil var



Súlurit 3 Hæst rís íbúatala/súla ársins 1895. Fimmtán árum síðar hefur íbúum fækkað um nætti 200 manns.

hann í kringum 550 en í lok þess tímabils sem hér er um fjallað var hann kominn niður í tæpan helming þess sem hæst náði.


Tala	Nafn	Stítt	Aldur (fermað)	Fermað	Stítt
1	Þórunn	son			
	Jon Sakarielsson	Húsbandi	35	ja	
	Ingibjörg Jónsdóttir	Húsmóðir	35	ja	
	Guðmundur Björgjónsson	Börn	8	nei	Þrudur
	Jónína Þórdís Jónsd.	Börn	7	nei	Þrudur
	Sigríður Þórunn Jónsd.	Börn	5	nei	"
	Kristín Jónsdóttir	Börn	4	nei	"
	Ingibjörg Jónsd.	Börn	3	nei	"
	Stína Jónsdóttir	Börn	2	nei	"

Mynd 1. Upphaf sóknarmannatals 1881 með hendi sr. Jóns Jónssonar (1829-1907, á Gerðhömrum 1870-1882 (Ísl. æviskr., III).

Íbúafjöldi er helsta birting farnaðar þjóðar. Samsetning íbúafjöldans með tilliti til aldurs, frjósemi, heilsufars og atvinnuþátttöku er meðal innri forsenda þróunar fjöldans upp eða niður. Þótt slíkt geti verið rannsóknarefni einstakra landa eða byggðarlaga verður það ekki gert hér heldur látið nægja að kanna skiptingu Mýrhreppinga í í helstu flokka sem lesnir verða úr sóknarmannatölum.

Fæddir og dánir


Sé árið 1888 skoðað sérstaklega og farið í prestspjónustubók Dýrafjarðarþinga (MinDýr), kaflann um innkomna og brottvikna í Mýrahreppi, sést að af hinum innkomnu eru 23 komnir úr Grunnavíkur- og Sléttuhreppum, 7 má kalla úr Ísafjarðardjúpi (Bolungavík, Eyrarhreppi og Súðavíkurhreppi) en 4 frá Þingeyri. Tuttugu og fimm þessara innkomnu eru að flytjast á Ingjaldssand, Sæból (13) og Brekku (12) en 9 dreifast á bæi í Mýrasókn (Lambadal, Hjarðardal, Bakka og Gemlufall).



Súlurit 4. Fæddir í Mýrahreppi / Dýrafjarðarþingum 1880-1948. Fæðingatalan 1895 1895 er einstök en helst í hendur við hæstu íbúatöluna. Ath. að ekki er sami kvarði á súlurítum).

Tala fæddra og dáiinna skiptir að sjálfsögðu ekki síður máli í þessu sambandi. Tala fæddra fór niður í 9 í prestakallinu 1883 en tosaðist upp á næstu árum í um 15 á ári en fór svo allra hæst í 28 fædd börn árið 1895

Dánartölur



Súlurit 7. Þau ár sem dánartala fullöðinna fer í eða yfir 10 ná til aldamóta. Ungbarnadauði er úr sögunni eftir 1926. Ath kvarða.




Mynd 2. Mynd úr eigu Unu Gísladóttur frá Mýrum. Líklega húskveðja Maríu Bjarneyjar Sigmundsdóttur 6. janúar 1870 - 25. apríl 1960. Líkvagninn er jeppinn á Gemlufalli, í 171, sem Jónína Jónsdóttur, fyrsta meiraprófskona landsins, átti.

Fólksflóttinn úr sveitum landsins

Vesturfara

Sé enn fremur litið til flóttans úr landinu til Ameríku á umræddum tíma eru tölurnar skv súluriti:



Súlurit 8. Aðeins einn vesturfari annar úr Mýrahreppi en þessir sem súluritið sýnir er skráður síðar (1914).

Í ártalaekrá




Mynd 3. Magnús Albert Eiríksson, hálfbróðir sr. Eiríks, afkomandi vesturfara frá Frakkastíg í Rvk. Mynd frá 2008, AE. Móðirin Shirley Arlene Dagbjartsdóttir úr Bolungarvík einnig vesturfari.

Innkomnir og brottviknir til og frá Mýrahreppi 1880-1895



Mynd 4 Hvalstöðin í fullum rekstri í Höfðaodda (Myndasafn Reykjavíkurborgar).

Súlurit 9. Árabilið 1880-1895 er líklega helsta vaxtarskeið Mýrahrepps, Innkomnum fjölgar, brottviknum fækkar.






Mynd 5. Lítil ummerki hvalstöðvar í Höfðaodda (Framnesi) hundrað árum seinna eða svo (2010).



Mynd 6. Gil (Glóra, gult hús) Neðri-Hjarðardalur (Bakki) og Fremstuhús (rautt þak) 2010.




Súlurit 10. Mesta fækkun í Mýrahreppi á árabílinu 1880-1895 var árið 1887 þegar 25 Mýrhreppingar fluttu til Ameríku. Mesta skráð fjölgun varð 1891, 35 manns, sbr. texta kafans.

Ef búið væri til hugtakið íbúajöfnuður gæti það merkt hversu íbúatala frá einum tíma til annars væri nálægt því að vera jöfn. Þá væru annars vegar fæddir og aðfluttir en hins vegar dánir og brottviknir. Samkvæmt þessu grafi var jöfnuðurinn í Mýrahreppi neikvæður um 9 íbúa árið 1880 og fjögur ár í röð um þær mundir. Árið 1884 verður breyting á þegar jöfnuðurinn verður jákvæður um 20 íbúa og áfram næstu ár til 1887 þegar 26 Mýrhreppingar flytja til Ameríku. Árið 1894 er einnig fækkun en það ár látast 17 Mýrhreppingar eldri en tveggja ári til viðbótar við þá fjóra sem létust innan tveggja ára aldurs. Einhver skæð drepsótt hlýtur að hafa gengið og verður upplýsinga um hana aflað síðar.



Mynd 7. Grænanes, nýbýli í ábúð um skamma hríð um 1960.

Mýrahreppur og Þingeyrarhreppur. Samanburður.



Línurit 1. Skil með hreppunum, vöxtur Þingeyrar og Haukadals, verða skömmu fyrir aldamótin 1900.

Nærtækt er að bera saman þróun mannfjölda í Mýrahreppi og Þingeyrarhreppi. Um 1880 er Mýrahreppur fjölmennari sem nam um 80 íbúum. Fjöldinn var svo til jafn um 1890 en síðan dró aftur sundur til 1896 að Þingeyrarhreppur fer fram úr í eitt skipti fyrir öll þegar íbúatalan er sem næst 600 í báðum hreppunum.

Þessi tímamót má vafalítið rekja til þilskipaútgerðar / skútualdar. Hún flutti útgerð frá árabátum útvegsbænda til þeirra sem gátu útvegað eða áttu fjármagn til þessarar dýrari útgerðar. Slíka aðila var frekar að finna í kringum verslunarstaði fjarðanna eða í kaupstað eins og á Ísafirði. Þannig hófst vöxtur þorpanna á Vestfjörðum fyrir alvöru. Veiðar upp við eða frá landsteinum fluttust á haf út.

Tvenn önnur atvinnustarfsemi tengdist Dýrafirði með sterkum hætti á síðustu áratugum 19. aldar og um aldamót, lúðuveiðar Ameríkumanna frá nýja Englandi með aðalbækistöð hérlendis á Þingeyri og hvalstöð og hvalveiðar Norðmanna frá Höfðaodda Mýrahreppsmegin.

Meðfylgjandi línurit bendir ekki til þess að þessi starfsemi hafi haft mikil áhrif á mannfjöldabróun í firðinum enda starfsmenn flestir aðkomnir. Þó má gera því skóna að starfræksla hvalstöðvarinnar hafi eitthvað seinkað mannfækkun í Mýrahreppi. Síðari hluta hvalveiðitímans er þó ekki að sjá neina viðspyrnu mannfækkunar í hreppnum. Á hinn bóginn bendir flest til þess að sjóndeildarhringur Dýrfirðinga hafi víkkað til muna á þessum árum og ýmisleg lífsgæði aukist. Þekkt er innreið gúmmístígvéla með Ameríkönun. Varðandi heildarþróun mannfjölda í Mýrahreppi fyrstu áratugi 20. aldar má gera sér í hugarlund að aðdráttarafl þorpsins á Þingeyri, annarra þorpa og Ísafjarðar hafi haft meira vægi en aðrir landshlutar og Reykjavík. Þegar hins vegar einnig fer að fækka á Þingeyri (milli 1920 og 1930)

er áhrifa höfuðborgarsvæðisins farið að gæta meira og þá ekki síst á yngra fólkið á barneignaldri.



Mynd 8. Gemlufall, neðri bær, í eyði kominn á myndartíma um 1975



Mynd 9. Gemlufall, efri bær með þremur viðbyggingum. Gafll á nýju húsi til vinstri. Mynd frá um 1975.

Samsetning íbúa Mýrahrepps

Skráning sóknarprestanna á stöðu íbúa / heimilisfólks gefur færri á vissri flokkun. Eftirfarandi varð smám saman til við innslátt gagnanna. Ýmisleg nákvæmari flokkun hefði einnig komið til greina en við þetta verður látið sitja (að sinni).


Húsbændur eru þeir taldir sem prestarnir raða nr. 1 á heimili og er sú staða látin ná til tótmúsmanna og einsetumanna jafnt sem annarra sem raðað er í fyrsta sæti. Ekkjur raðast alloft í þetta sæti en eru þar oftast stutt þótt dæmi séu annars.

Tafla 1

1 Húsbændur
1,1 Ráðsmenn og konur
2 Ættingjar og vandamenn
3 Fóstur- og tökubörn
4 Vinnufólk
5 Skjólstæðingar
6 Húsfólk
7 Lausafólk
8 Tótmúsfólk
9 Starfsheiti

Alls teljast húsbændur í þessum skilningi um 320 í Mýrahreppi á þessum tíma, 1880-1948. Húsfreyjur teljast að jafnaði heldur færri þó að kæmi fyrir á milli 1880 og 1890 að þær væru fleiri en húsbændurnir. Sjóslýs og lát af barnsförum voru helstu ástæður þessa munar. Þrisvar sinnum teljast húsfreyjur og húsbændur jafn mörg. Ráðsmenn og ráðskonur eru flokkuð sérstaklega og reynast vera á bilinu 1-8 öll árin.

Fjöldi húsbænda er samkvæmt þessu jafn og fjöldi heimila.



Súlurit 11. Fjöldi heimila breytist dálítið öðruvísi (hægar) en fjólskjöldinn um tíma. Heimilisfólki fækkar örrar.

Heimili, húsbændur og hjú


Fræðimenn hafa velt fyrir sér fjölda og hlutföllum vinnufólks í bændasamfélagi fyrri alda. Af því tilefni er hér slegið fram nokkrum athugunum á samsetningu heimilsfólks á tímum margnefndra sóknarmannatala.

1. Húsbændur

Daglegt líf á Íslandi, kjör fólks, hamingja jafnt og erfiði á 19. öld var í aldagömlu ytra fyrirkomulagi. Sá rammi fólst meðal annars í skiptingu alþýðu manna í bændur og vinnufólk. Grunneining tilverunnar var býlið, bóndabærinn, jarðnæðið. Sá sem átti eða leigði þriggja hundraða land eða stærra var bóndi.⁶

Til húsbænda eru taldir húsbóndinn, húsfreyjan og börn þeirra beggja eða hvors um sig frá því fyrir hjónaband eða úr fyrra hjónabandi. Ráðskonur og ráðsmenn eru skilin frá í aukaflokkinn 1,1. Undir ættingja falla einkum foreldrar húsbænda, tengdabörn og barnabörn, stjúpar, stjúpur og stjúpbörn þeirra.

Fram undir árin 1895-1896 virðist meðalhlutfall húsbænda og barna þeirra vera nálægt 45% af heimilisfólki á heimilum / bæjum hreppsins. Tökubörn og ættingjar eru um




Súluvit 12. Kjarnafjölskylda, húsbændur og börn þeirra, er hækkandi hlutfall fólks á heimilum fram um 1936 en lækkar þá heldur (úr 80>70%) en hlutfall ættingja og tökubarna helst svipað.

10% alveg fram undir 1915. Fjölskylda bændahjónanna fer hins vegar yfir 50% fyrir aldamót og tekur annað stökk á stuttum tíma í kringum 1910 eða upp í um 60%. Við lok tímabilsins er hlutfallið komið í nálægð við 75%. Annað heimilisfólk, ættingjar og tökubörn eru um 15% og eru þá eftir um 10% fyrir aðra. Árið 1906 var rétt rúmur fjórðungur (27%) heimilisfólks á Mýrum húsbændur og börn en tveir þriðju (73%) vinnu- húsfólk og aðrir. Í Miðhlíð, tómtúsinu næst við Mýrar, voru ekki aðrir á heimilinu en fjölskyldan, 100%.

⁶ Sbr. Píningsdóm frá 1490.

3. Fóstur- og tókubörn



Súlurit 14. Aðeins þrisvar fer fjöldi tókubana í Mýrahreppi niður fyrir 10 á árabílinu 1880-1948. Nokkuð er um það að börn innan við fermingu (= < 14 ára) eru skráð sem vinnufólk. Ekki var farið út í það að færa slík tilvik á milli flokka í skráningunni.

Óskyld börn á heimilum hafa ýmist skráða stöðu tókubarna, uppeldisbarna, fósturbarna, ómaga eða sögð á sveitarframfæri og er í þessari flokkun ekki gerður greinarmunur á þeim. Vafalítið hafa fóstur- og uppeldisbörn staðið heimilisfólki nær en

Tókubörn	
Árafjöldi í tali	Nafnafjöldi
1	95
2	36
3	32
4	21
5-9	55
10-14	31
15-20	19
21-24	1
25-41	1

Tafla 2. Fjöldi tókubarna í talinu telst vera 318. Langflestir eða 116 eru aðeins eitt ár skráðir en sumir allt upp í 25-30 ár. (Fyrsta talning

tókubörn og ómagar. Nokkur dæmi valin af handahófi eru rakin hér á eftir.

Á fyrsta ári heildarskrárinnar (1880) eru 12 tókubörn skráð. Fremst þeirra eftir stafrófsröð er Gróa Bjarney Guðmundsdóttir, 5 ára í Hjarðardal I. Hún deyr 28. júlí 1882, skv Íslendingabók, en er ekki skráð látin í kirkjubókina (MinDýr). Hún er aðeins eitt ár á Mýrhreppingaskrá en sögð (Ísl.b.) dóttir Ástríðar Jónsdóttur (19.4.1839-22.7.1918). Ástríður er vinnukona í Mýrahreppi á árunum 1880-1890, eitt eða tvö ár á hverjum bæ. Guðbjartur Guðbjartsson (10.6.1872-27.10.1954)

tökupiltur á Bakka I, 1880, sonur Guðbjarts Björnssonar (19.12.1842-31.10.1928) og Maríu Magnúsdóttur (3,2,1834-2,5,1879), hjóna á Læk. María deyr 1879 frá 8 börnum. Heimilið á Læk er móðurlaust 1879 en með þrjár vinnukonur. Guðbjartur eldri, heimilsfaðirinn á Læk, er á Höfða í nokkur ár eftir 1883 og þangað er Guðbjartur yngri kominn til hans og skráður "barn

hans" næstu 5 árin. Eftir það er hann vinnumaður á Gerðhömrum og Ingjaldssandi þar til hann hverfur úr tali 1898. Samkvæmt Íslendingabók var Guðbjartur yngri síðar á ævinni yfirvélstjóri á varðskipum.

Guðný Jónsdóttir (2.1.1874-10.1.1949). Tökubarn á Sæbóli I, fædd á Kotnúpi, yngst marga systkina. Hún er aðeins 3 ár í Mýrahreppi, langömmusystir Aðalsteins Eiríkssonar. Ekkert er um ævi hennar í Ísl.b. og ekkert veit AE um hana. Foreldrarnir voru Þórdís Egilsdóttir (26.9.1837-24.10.1894) og Jón Ólafsson (6.10.1831-7.4.1875), hjón á Kotnúpi.

Hákon Jón Sigmundsson (23.4.1880-24.7.1953), tökubarn á Felli I, er skráður tökudrengur í tvö ár (1881-1882) en eftir tveggja ára eyðu í talinu er hann hjá foreldrum sínum (undir að vísu nafninu Jón Guðmundur Sigmundsson) Sigmundi Jónssyni og Sigríði Sakaríasdóttur þau 5 ár sem hann er í talinu. Við fæðingu snáðans eru foreldrarnir vinnuhjú á Mýrum. MinDýr er með fæðingardagsetninguna 16.4.1880. Samkvæmt Íslendingabók varð Hákon húsasmíðameistari á Ísafirði.

Jón Janusson (28.12.1867 - 11.12.1937) er 12 ára tökubarn í Ytri-Lambadal 1880, bróðursonur húsbónda, Bergþórs Jónssonar. Skráður ættingi 1881, fósturbarn næstu tvö ár og síðan vinnumaður þar til hann fór frá Meira-Garði til Ameríku 1887 og gerðist bóndi þar. skv. Ísl.b. Hann var fæddur í Melgraseyrarsókn / Kirkjubólssókn skv. manntali 1880.

Magnfríður Sigríður Sigurðardóttir (14.1.1879 - 9.4.1958) Tökubarn á Gemlufalli 1880 til 1892 Þá vinnukona víða í innsveitinni og á Gili 1901. Ráðskona á Þingeyri 1930, húsfreyja á Þingeyri og Hafnarfirði. Móðir Kristjana Jónsdóttir (20.12.1849 - 24.6.1932). Magnfríður er síðast í sóknarmannatali 1910 og þá skráð lausakona. Engar upplýsingar eru um móðurina í Ísl.b. og hana er ekki að finna í sóknarmannatali Dýrafjarðarþinga.

Margrét Jónsdóttir (1.7.1879-24.12.1943 (?)). Íslendingabók segir að hún (stúlka/kona fædd þennan dag) hafi sennilega verið tökubarn á Klukkulandi 1880. Telur hana síðan vinnukonu í Hjarðardal og ráðskonu á Bíldudal 1930, síðast búsetta í Bót á Bíldudal. Foreldrar stúlkunnar sem fæddist 1. júlí 1879 voru skv. kirkjubók Jón Teitsson og Kristín Jónsdóttir, hjú á Mýrum, 1. brot beggja. Íslendingabók segir móðurina vera Kristínu Jónínu Jónsdóttur (23.5.1854-27.5.1920). Samkvæmt sóknarmannatölunum á hún langan feril (33 ár) í Mýrahreppi, síðast í Ytri-Húsum sem bústýra til dánardags en annars löngum vinnukona. Jón Teitsson var fæddur 27.5.1840, dáinn 22.4.1902, skv. Ísl.b. en 21. apríl skv. kirkjubók Sandaprestakalls. Þá (á dánardegi) sagður bóndi á Bakka í þeirri sveit. Hann er síðast í sóknarmannatali Dýrafjarðarþinga 1900 í Botni II húsbóndi með konu sinni Sigríði Guðmundsdóttur.

Ferill lausaleiks barnsins og tökustúlkunnar Margrétar sýnist auðrakinn í sóknarmannatalinu. Hún er þrjú fyrstu árin á Klukkulandi en síðan á Ingjaldssandi samtíma föður sínum og stöku sinnum síðan með móður fram til fermingar að hún er skráð vinnukona á bæjum í innsveitinni, þar á meðal í Hjarðardal. Hún er síðast í sóknarmannatali prestakallsins 1902, ómagi á Gemlufalli II. Hún finnst hvorki látin né burtvikin árið eftir eða næstu ár og ekki heldur innkomin í Sandaprestakall. Hvort hún hefur farið í Arnarfjörð og til Bíldudals hefur ekki verið kannað en heldur hefur ræst úr fyrir henni, ómaganum á Gemlufalli, ef hún er orðin ráðskona á Bíldudal 1930. Ekkert er nema gott um það að segja.

Mikkalína Guðrún Guðbjartsdóttir (26.10.1869-1910), systir Guðbjarts Guðbjartssonar sem fyrr var nefndur. Hún var 10 ára tökubarn á Læk 1880 og síðan með föður sínum, hans barn, á Höfða III, eitt ár léttastúlka í Meira-Garði en annars heima á Höfða eða vinnukona á bæjum útsveitarinnar, kann fræðin sín laklega til fermingar og hverfur úr kallinu 1893. Á þá eftir 17 ár ólífud, hluta þeirra a.m.k. húsfreyja í Vestur-Botni í Sauðlauksdalssókn (Manntal 1901).

Ólafía Guðrún Búadóttir (25.1.1878-2.4.1936) er tökubarn í Fremstuhúsum 1881-1883 og einungis þau þrjú ár í prestakallinu / sóknarmannatalinu. Hún fluttist til Ameríku 1887 (Ísl.b.).

Soffía Jónsdóttir (27.7.1877-1948) var tökubarn í Innri-Lambadal 3-4 ára 1880-1881 og vinnukona í Alviðru árið áður en hún fór vestur um haf frá Bolungarvík 1893. Hún er einungis þessi þrjú ár í talinu. Móðir hennar skv. Ísl.b. var Konkordía Rósinkransdóttir (28.10.1848-17.5.1898). Hún kemur ekki fram í sóknarmannatölum Dýrafjarðarþinga a.m.k. ekki eftir 1880.

Þá eru ótalin tvö tökubörn ársins 1880 í sóknarmannatalinu, systkini áður talinna Guðbjarts og Mikkalínu, börn Guðbjarts ekkils á Læk 1879. Valgerður Margrét (5.7.1877-5.11.1965) er skráð tökubarn í Meira-Garði og á Sæbóli I 1880-1882 en eftir það hjá föður




Mynd 12. Fjóra Haraldsdóttir í heyskap við hlöðuna á Haukabergi / Ytri húsum.

sínum á Höfða í 6 ár. Þá léttastúlka í tvö ár í Minna-Garði. Vinnukona frá og með 15 ára aldri á Hálsi, Hrauni og Brekku. Hverfur af skrá 1904 en hafði þá verið helmingur af vinnu- og húshjónum í 4 ár á Hrauni, gift Jóhannesi Evgen Guðmundssyni. Þórarinn Sigurður (17.10.1874-7.1.1905), fjórða tökubarnið frá Guðbjarti er ómagi og



Mynd 11. Gerðhamrar.

4. Vinnufólk



Súluarit 15. Skráðu vinnufólki fækkar jafnt og þétt frá árunum 1890-92. Fyrirvara verður að gera vegna misræmis í skráningu og þar með talningu á börnum hjóna, ættingjum, vinnufólki og tökubörnum. Líklega er eitthvert misræmi eða ónákvæmni í þessari framsetningu en ólíklegt að það skekki heildarmyndina til muna. Munurinn á 1880 (mantali) og 1881 (sóknarmannatali) er athyglisverður í því sambandi. Ath. skala..

Þeir þegnar þjóðfélagsins sem ekki náðu því að teljast bændur urðu að gerast vinnuhjú hjá bændum ekki skemur en eitt á í senn í vistarbandi sem kallað var. Húsbóndi hafði skyldur við vinnufólk sem gat kært hann til hreppstjóra ef hann stóð ekki við skyldur sínar með fæði og húsnæði og jafnvel klæði. Algengt var að vinnumenn fengu að hafa kindur á fóðrum búsinu upp í kaup. Hvorki vinnuhjú né bændur máttu yfirgefa bæi sína án leyfis yfirvalda. Bóndi gat sent vinnumenn sína í vinnu hjá öðrum til sjós eða lands og tekið aflahlut eða kaup til sinna þarfa. Árið 1880 eru í Núpssókn 8 vinnumenn og 17 vinnukonur, alls 25, á 9 heimilum. Ef efnaleg velsæld heimila væri mæld í fjölda fólks í þessari stöðu væri hennar helst að leita á Gerðhömrum og á Núpi.

Á Núpi eru eingöngu vinnukonur⁷ en auk skráðra vinnukvenna er skráður vinnupiltur 17 ára og léttadrengur 12 ára.⁸

⁷Eftirfarandi klausu er að finna í uppsláttarsafninu Wikipedia:

Algengast var að fólk væri eingöngu vinnuhjú á unga aldri en stofnaði síðan bú ef það fékk leigt jarðnæði og gengi þá í hjónaband. Hins vegar var það hlutskipti margra, sérstaklega kvenna, að vera í vinnumennsku ævilangt. Flestir íslenskir bændur voru [leiguliðar](#) en þó var ekki [bændaánauð](#) á Íslandi og ekki hægt að skylda bændur til að búa áfram á leigujörð sinni lengur en eitt ár í senn. Sama gildi um vistarbandið, enginn var skyldugur að vera hjá sama bónda lengur en eitt ár í senn.

Ísland er sérstakt vegna þess hve stór hluti þjóðarinnar bjó í ófrjálsu einlífi vinnumennskunnar eða að jafnaði um 25% landsmanna alla 19. öldina sem var hæsta hlutfall í [Evrópu](#).

⁸ Tílefni þessarar skráningar eða afritunar sóknarmannatals Dýrafjarðarþinga er Núpsskóli og aðsókn að honum fyrstu árin. Núpsskóli var stofnaður með fundarsamþykkt safnaðar Núpssóknar og af þeirri ástæðu er sjónum frekar beint að Núpssókn en hinum um sumt.

Fyrst í stafrófi vinnukvenna er Elísabet Bjarnadóttir 1851, 29 ára.⁹ Hún er vinnukona tvö næstu ár á Núpi og Arnarnesi. Árið eftir er hún gift vinnumanninum Ívari Arnfinni Einarssyni og þau skráð vinnuhjón á Rana, hjáleigu Núpsjarðarinnar. Árið þar á eftir eru þau húshjón á Núpi og þá húsfreyja á Kotnúpi. Þar er hún húsfreyja til 1919 en síðustu 6 æviárin er hún hjá syni sínum í Álfadal, skráð sem ættingi þau ár í þessu tali.

Guðbjörg Bjarnadóttir 1834 er vinnukona 46 ára á Núpi. Seinna í þrjú ár á Gerðhömrum en aftur á Núpi til 1895, 61 árs. Þá hverfur hún af skrá e.t.v. til heimasveitar sinnar, Álftamýrarsóknar, Lokinhamra þar sem hún var áður en hún kom að Núpi. Hún deyr 27.10.1912. Ekki er að sjá að hún hafi gift eða eignast afkomendur.

Halldóra Bjarnadóttir 1812 er 68 ára á Núpi 1880, vinnukona. Hún er ómagi á Rana og Núpi næstu þrjú ár en síðast ættingi á Kotnúpi, blind og vitskert. Skv. Íslendingabók hafi hún verið húsfreyja á Hofi, Sandasókn 1845 en húsfreyja á Kotnúpi segir einnig en án ártals. Dánardagur 13.1.1889 sem kemur heim við sóknarmannatalið.

Jóhanna Einarsdóttir 1838 er 42 ára vinnukona á Núpi 1880. Í Ísl.b. segir af henni á Hofi, Sandasókn, 1845 og vinnukonu á Núpi 1860 (22 ára). Hún er vinnukona á Rana og Núpi a.m.k. frá 1880 til 1890 og er þá í burtu úr prestakallinu í þrjú ár en kemur aftur vinnukona að Kotnúpi til 1895 (67 ára) að skráning hennar breytist í "ættingi" uns hún er síðast á skrá 1930 í Álfadal, dain

Row Labels	1880	1881	1882	1883	1884	1885	1886	1887	1888
☐ Sigurborg Sveinsdóttir	31	32	33	34	35	36	37	38	39
☐ 058 Núpur I	31	32							
Vinnukona	31	32							
☐ 094 Sæból I						36			
Húshjón						36			
☐ 102 Álfadalur III							37	38	39
Húsfreyja							37	38	39
☐ 107 Brekka I					35				
Húshjón					35				
☐ 112 Háls I			33	34					
Vinnukona			33						
Vinnuhjón				34					

Tafla 3 Ferill Sigurborgar í tölvuskrá. Dálkurinn fyrir neðan nafn hennar tiltekur bæ og stöðu eftir árum sem tiltekin eru í efstu línu. Sigurborg er vinnukona á Núpi 1880-1881, 31 og 32 ára gömul. Þá er hún tvö ár á Hálsi, vinnukona fyrra árið en gift vinnumanni seinna árið (1883). Næstu tvö árin er hún gift húskona á Brekku og Sæbóli. Síðustu þrjú ár hennar á skrá er hún húsfreyja í Álfadal III.

30.3.1931.

Sigríður

Bjarnadóttir 1850 er í tvö ár vk. á Núpi 1880-1881. Fleira segir ekki af henni í Dýrafjarðarþingum en í Ísl.b. er hún sögð húsfreyja á Ísafirði, dain 12.7.1882.

Sigurborg

Sveinsdóttir 1849. Ferill hennar eins og hann er

skráður í sóknarmannatal er sýndur í töflu 3. Um hana segir í Íslendingabók að hún hafi verið á Lækjarósi 1860, vk. í Alviðru 1870, húsfreyja í Álfadal og dain 28. nóv. 1898.

Á Gerðhömrum er Ármann nokkur Jónsson vinnumaður 1880, þá og næstu þrjú ár. Hann finnst fæddur í MinDýr. á Brekku í Sæbólssókn, 4.9.1852. Enginn dánardagur er í Íslendingabók en hann er þar sagður hafa verið í Fagradal ytri, Skarðssókn í Dalasýslu 1901 og Barmi, Skarðsströnd. N.Ís. 1920. Skarðsströnd er ekki til í Norður Ísafjarðarsýslu heldur er sá bær einnig í Dalasýslu. En af Ármanni er ekki meira að fréttu.

Borgný Magnúsdóttir 1859, vk. á Gerðhömrum 1880 er þar næstu 4 árin en hverfur þá af skrá. Kemur aftur 1893 sem ráðskona í Hjarðardal, þá næst húskona á Gemlufalli og í Fremstuhúsum. Loks er hún ráðskona á Bakka 1898 en hverfur þá úr talinu. Skv. Ísl.b. er hún húsfreyja á Flateyri 1901 og deyr 9.9.1933.

⁹ Einstaklingar sóknarmannatalsins í þessari samantekt eru að jafnaði auðkenndir með fæðingarári sínu.

Jón Guðmundsson 1844 er vm. 36 ára á prestsetrinu á Gerðhömrum 1880. Hann sést ekki árið eftir en næstu tvö ár er hann húsmáður á Skaga og Birnustöðum. Árið eftir, 1884, er hann í tölvutalinu skráður kvæntur vinnumaður (Ólöfu Hákonard.) en árið þar á eftir er hann einn með dóttur sína Sesselju Hákoníu 1881 á Núpi og sömuleiðis 1886. Enn 1887

Ólöf Hákonardóttir 1844: Ferill í sóknarmannatölum Dýrafjarðarþinga													
	1880	1881	1882	1883	1884	1885	1886	1887	1888	1889	1890	1891	1892
Aldur:	36	37	38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48
Húsfólk													
090 Birnustaðir I			38										
Vinnuhjón													
090 Birnustaðir I									44				
092 Skagi I					40								
094 Sæból I													48
102 Álfadalur III										45	46	47	
Vinnukona													
058 Núpur I						41	42						
085 Gerðhamrar I	36	37											
087 Arnarnes I				39									
090 Birnustaðir I								43					

Jón Guðmundsson 1844: Ferill í sóknarmannatölum Dýrafjarðarþinga													
	1880	1881	1882	1883	1884	1885	1886	1887	1888	1889	1890	1891	1892
Aldur	36		38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48
Húsfólk													
090 Birnustaðir I			38										
Vinnuhjón													
090 Birnustaðir I									44				
092 Skagi I					40								
094 Sæból I													48
102 Álfadalur III										45	46	47	
Vinnumaður													
058 Núpur I						41	42						
085 Gerðhamrar I	36												
090 Birnustaðir I								43					
092 Skagi I				39									

Tafla 4. Tölvuskráning nafna og upplýsinga gefur kost á ýmislegri uppröðun og úrvinnslu. Hér er yfirlit foreldra Sesselju Jónsdóttur árin 1880-1892 með stöðu þeirra, aldri og verustað þessi ár. Aldurinn, sem er hinn sami hjá báðum, er tvítekin. Fyrst í samfelldri línu undir ártölunum en síðan við dvalarstað. Taflan ber með sér að þau eru fyrst skráð sem vinnukona og vinnumaður á Gerðhömrum. Jón er ekki skráður í prestakallinu árið 1881 en árið 1882 eru þau skráð húsfólk á Birnustöðum. Árið 1883 er þau sitt á hvorum bænum, Skaga og Arnarnesi en eftir það oftast vinnuhjón ýmist á Birnustöðum, Álfadal eða á Sæbóli. E.t.v. dæmigerður ferill og öryggisleysi smælingja:

eru þau þrjú saman (Jón, Ólöf og Sesselja) en foreldrarnir ekki skráð sem hjón. Tölvuskrásetjari lætur þó svo vera allt til 1892 að þau eru á Sæbóli eftir 3 ár í Álfadal. Eftir 1892 finnst Jón ekki í sóknarmannatalinu. Íslendingabók er með hann vinnumann á Höfða 1870 og dáinn 1894.

Sesselja Hákonía Jónsdóttir 1881 er síðast á skrá 1891, 10 ára barn vinnuhjóna. Íslendingabók hefur hana húsfreyju á Brekkustíg 8 í Reykjavík 1930, dána 14.8.1936.

Ólöf Katrín Hákonardóttir 1844 á sér sama ferlið í Mýrahreppi og Jón og Sesselja. Hún deyr 29. des. 1921, f. 15.7.1844, og er ekki fleira um hana í Ísl.b. eða Smt. (Sóknarmannatöl). Þó er hún inni á skrá árið sem Jón vantaði.


Símonía Oddný Kristjánsdóttir 1860 er í 4 ár á Gerðhömrum en sést svo ekki meir. Ísl.b. er með hana húsfreyju á Ísafirði 1930 og dána 1.2.1943.

Þórdís Egilsdóttir 1833 var amma Ágústu á Gemlufalli ömmu skrásetjara. Hún varð ekkja á Kotnápi 1875 42 ára og er þá í árslok ein með 7 börn. Samkvæmt talinu 1880 hefur hún orðið að láta þau öll frá sér. Hún deyr 1894.

Látum svo gott heita um venjulegt vinnufólk í Mýrahreppi á þeim tímum.

Í vinnufólksyfirlitinu hér að framan koma fyrir orðin vinnuhjón og húshjón. Þessi orð / hugtök eru þekkt í samfélagsfræðum 19. aldar og vel fram á þá tuttugustu. Þau eru, má segja, merkisberar landþrengsla þeirra tíma. Þetta er fólk sem hefði í mörgum tilfellum viljað stofna heimili, vera sjálfs sín ráðandi og eiga einkalíf. Óvíst reyndar hvort orðið einkalíf var mikið notað fyrir á tíð. Þess var þá ekki kostur, oft vegna efnaleysis eða annarrar ytri fyrirstöðu. Vinnuhjón höfðu hvort um sig ráðningu og kjör einstaklings í vinnufólksstétt. Þau voru undir verkstjórn húsbænda til árs í senn, í vistarbandinu margumrædda.


Húsfólk var með svipuðum hætti inni á heimilum bænda en sjálfu sér ráðandi, gat farið þegar hentaði og vann eftir samkomulagi. Hafði e.t.v. nokkrar skepnur. Mjótt var á munum þessa fólks og tómthúsfólks sem hafði að jafnaði eigið húsnæði. Þaðan var ekki langt yfir í hjáleigubúskap.



Súlurit 16. E.t.v. endurspeglar fjöldi húshjóna og vinnuhjóna til 1907 jarðnæðisskort. Erfitt er þó að túlka það svo í ljósi þess að samanlögð tala þessara þriggja sambúðarforma lækkar um 30 1904-1912. Þar hlýtur fleira að koma til

Skjólstæðingar

Þeir fjórir hópar hreppsþúa sem gerðir hafa verið að umtalsefni að framan eru yfirgnæfandi meirihluti hreppsþúa. Fleiri hópa mátti hins vegar skilgreina innan hreppsins og þjóðfélagsins (og/eða í innslættinum). Ómagar voru einn og um þá höfð ýmis önnur orð svo sem "á sveit", þurfakarlar eða -kerlingar svo dæmi séu tekin. Hér eru þeir flokkaðir saman undir



Súlurit 17. Þáttaskil virðast verða um 1900. Fyrr er meðatalan nálægt 10 í 20 ár en eftir það nálægt 5 í önnur 20. (Staðfest 25.6.2019).

"Skjólstæðingar".

Tíðkað var á þessum fyrri árum að eignafólk legði eigin sínar inn í bú annarra sér til lífsframfæris það sem eftir var ævinnar. Þetta var ekki þurfafólk í sama skilningi og ómagar en það var í skjóli viðtakenda eignanna, - skjólstæðingar í þeim skilningi. Þetta fólk var eftir atvikum kallað próventumenn eða konur eða hjón.

Tómthúsfólk, húsfólk og lausafólk

Ráðamenn þjóðfélagsins á Íslandi urðu snemma sammála um að utan þeirra sjálfra ættu landsmenn að skiptast í tvennt, bændur og vistbundið vinnufólk. Þessu fyrirkomulagi var fylgt eftir bæði með tilskipunum og dómum. Meðal hinna elstu, ef ekki elstur, sem Íslandssagan greinir frá, er dómur höfuðsmannsins Diðriks Pínings.¹⁰ Hann er frá 1490 og talinn fela í sér bann við búðsetu, að búa í þurrabúð.

Frá ómunatíð var uppi tilhneiging fólks til þess að setjast að í sjóbúðum án jarðnæðis og húsdýra, án ráðningar hjá bónda. Elstu dæmi í málinu um orðin húsmáður eða búðseta eru þó nokkru yngri (1506, 1555).¹¹ Tómthús er ekki í ritmálssafni Orðabókar háskólans fyrr en á 18. öld. Orðin lausamaður og lausafólk voru á hliðarlínunum að ekki sé minnst á förufólk eða beiningamenn. Allt þetta fólk var fremur illa séð bæði vegna framfærslu sem gat lent á "ráðdeildarfólki" eða uppi var vinnuafllsskortur um „hábjargræðistímann". Ekki var þó alveg allt lausafólk illa séð. Kvæða- og sagnamenn gátu verið aufúsgestir og sama gildi t.d. um smíði þeir og aðrir sem gátu haft launatekjur gátu með þeim keypt sig undan hömlum eða sektum sem lagðar voru á aðra.

Árið sem Sigtryggur Guðlaugsson, síðar prestur og skólastjóri á Núpi, varð 1 árs var gefin út tilskipun um lausamennsku og húsfólk. Þá var m.a. heimilað að kaupa sér leyfisbréf til lausnar úr vistarbandi vinnuráðningar hjá bændum. Fyrstu bréfin kostuðu eitt hundrað vaðmála = kúgildi en það var talið árskaup vinnufólks á þeim tíma.

Björn S. Stefánsson segir um húsmenn og þurrabúðir:

Húsmenn voru til sveita, höfðu húsnæði hjá bónda og einhver jarðarafnot með vinnu sinni og stunduðu aðra atvinnu sér til framfæris. Þurrabúðarmenn voru við sjávarsíðuna, réðu húsum sínum, höfðu litla lóð til afnota, unnu hjá öðrum, en áttu sumir fiskibát og verkuðu aflann og réðu þá fólk til vinnu.¹²

Ekki tekst mér að svo stöddu að finna lagabókstafinn en af orðalagi tilskipunarinnar um lausamenn og húsmenn frá 26. maí 1863 verður ekki betur séð en húsmennska hafi verið leyfis- (og e.t.v. gjald-) skyld sbr: "Setjist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5-20 rd. . . .", og enn fremur í Í 13. grein: "Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir rjetta heimild til húsmennsku, skal greiða .:.", tiltekna upphæð.

Í innslætti sóknarmannatalsins á tölvu(-na) voru orðin þurrabúð og tómthús lögð að jöfnu og (oftast) skráð sem tómthús. Árið 1880, fyrsta árið sem meðfylgjandi endurritun sóknarmannatalanna nær til, er orðið þurrabúð haft um Litla-Garð en síðan örsjaldan. Þurrabúðarmaðurinn í Litla-Garði er heimilisfaðir með eiginkonu og eitt barn. Sóknarmannatal er ekki bókað á því ári en inni á heimilum bænda eftir það eru húsmenn, eiginkonur og börn (húsfólk) á hverju ári að heita má allt til 1948 með örfárra ára undantekningum undir lokin.

Til frekari umfjöllunar má e.t.v. segja að orðin húsmáður / kona, húshjón, húsfólk hafi í sóknarmannatölum Dýrafjarðarþinga tvær merkingar. Framan af (til um 1900) merkja þessi orð fólk sem er inni á heimilum reglulegra bænda / húsbænda. Örfá dæmi eru um

¹⁰ Saga Ísl. V, bls. 113.


¹¹ ritmálssafn.arnastofnum.is

¹² Björn S. Stefánsson: Ráðningarskilmálar í lok 19. aldar, Skírni 160 (1986) bls. 223-230.

húsfólk sem talið er upp undir sérstöku bæjar- eða heimilisheiti. Þannig er heimilið Sjávarborg (í landi Neðri-Hjarðardals, Bakka) skilgreint sem þurrabúð 1902 eitt heimila í prestakallinu en heimilisfaðirinn skráður sem húsbóndi en hvorki í húsmennsku né þurrabúðar eða tómthúsmaður. Árið eftir, 1903, eru 7 býli skilgreind sem þurrabúðir (Bessastaðir, Miðhlíð, Sjónaróll, Slétta, Rani og Stöðlar) og hjónin á þeim sem húshjón. Á næstu árum fellur niður að skilgreina heimilin sem þurrabúðir og heimilisfólkið ýmist sagt húshjón eða tómthúshjón og annað heimilisfólk þá skráð í tölvuna sem húsfólk eða tómthúsfólk. Þá merkir forliðurinn "hús-" tómthús / heimili utan annarra heimila. Í öðrum súluritum þessarar samantektar er ekki gerður greinarmunur á fólki lögbýla og tómthúsa/þurrabúða. Vinnufólk er t.d. svo flokkað hvort heldur það er á lögbýlum eða í tómthúsum.

Telja má fullvíst að hinir ábúðarlausu bændur þurrabúðanna hafi ekkert land átt. AE er ókunnugt um eignarhald jarða í Mýrahreppi á tímum sóknarmannatalanna. Eignarhaldið skiptir raunar ekki máli fyrir en kemur að umræðu um efnahag heimilanna.

Svo lítur út sem prestarnir hafi með tímanum minna og minna hirt um að skrá greinarmun á lögbýlum og tómthúsum en látið hreppsnefndinni eftir að henda reiður á slíku við álagningu gjalda (í hrepps bókhaldinu).



Súlurit 18. Flokkun fólks með þeim hætti sem hér er gert orkar e.t.v. tvímæli vegna breytinga á mekingu orða og hugsanlegs misræmis í skráningu presta.

Önnur stöðuheiti, önnur staða


Mjög mörg önnur orð en þau sem fram koma í flokkun fólks eftir stöðu hér að framan koma fyrir í sóknarmannatölunum eða hafa orðið til í innslættinum. Notkun þessara orða er fremur óregluleg og tilviljanakennd. Með hverju orði í þeirri takmörkuðu upptalningu sem hér fer á eftir er tala sem segir hversu oft þau hafa verið skráð í tölvuna.

Bakari 1 ; Fjármaður 1 ; Guðfræðingur 4 ; Hreppstjóri 4 ; Kennari 63 ; Ljósmóðir 23 ;

Læknir 1 ; Lærisveinn 1 ; Maddama 2 ; Námsdregur 1 ; Nemi 2 ; Prestur 78 ;

Sjálfsmennska 4 ; Sjómaður 1 ; Skipstjórafrú 1 ; Skipstjóri 16 ; Skólastjóri 15 ; Snikkari 2 ;

Söðlasmiður 7 ; Trésmiður 1 ; Unnusta 1 ; Vetrarkona 1 ; Yfirsetukona 8.



Mynd 13 Þráinn, Björgvin og Kristinn á Haukabergi. Mynd frá Fjólu. Um 1940.

Í sóknarmannatölunum er nokkur nöfn sem lítil eða engin deili eru á og ekki hefur tekist að finna fullt nafn eða fæðingarár / dag á. Mörg þeirra tengjast hvalstöðinni. Þessi nöfn eru aftast í talinu og eru ekki með í talnavinnu þessarar samantektar. Til ga mans er þess að geta að eitt þeirra hefur stöðuheitið "selskapsdama".

Núpskkóli og fræðslumál

Mennt er máttur

Upphaf Núpskkóla má með góðum vilja rekja til farkennslu.

Sóknarprestarnir skráðu stöðu lestrarkunnáttu og framvindu kverlærdóms (fermingarundirbúnings) í sóknarmannatöl, hver í sínu prestakalli. Foreldrar voru kennarar og prestarnir "prófdómarar" árlegra "prófa". Svo hafði þetta gengið í heila öld. Árið 1880 voru með lögum gerðar auknar kröfur til undirbúnings fermyngar. Skrift og reikningur bættust við lestrarkröfuna, sem var forsenda kverlærdómsins. Þessum lögum fylgdu fjárveitingar alþingis til farkennslu. Sótt var um það fé og skýrslu krafist um framkvæmdina. Úthlutað var til tiltekna kennara fyrir tiltekna kirkjusókn (-ir), hrepp eða byggðarlag. Úthlutunin var birt í Stjórnartíðindum. Kaupstaðir öfluðu sjálfir tekna til sinnar kennslu sem fram fór í skólabyggingum og (sjávar-) þorp höfðu sérstaka fjárveitingu þannig að farkennslan var bundin við sveitir landsins.

Almennu ástandi fræðslumála í Mýrahreppi er lýst í "Núpskkóli í Dýrafirði. Ungmennna- og héraðsskóli 1907-1992" og verður það ekki endurtekið hér. Hitt skal endurtekið að með komu Kristins Guðlaugssonar, búfræðings frá Hólum, í Mýrahrepp verða þáttaskil. Hann er fyrsti farkennarinn í sveitinni eða að minnsta kosti hinn fyrsti sem framkvæmir hana samkvæmt opinberum viðmiðum og fjárveitingu.


Kristinn kom árið 1892¹³, þá um vorið. Honum var strax vel tekið og leist ekki verr á sig en svo að hann kallaði eftir heitkonu sinni í Skagafirði haustið 1894. Þá giftu þau sig í Meira-Garði og árið eftir kaupa þau jörðin Núp á kr. 3.000. "Mér finnst menn vera hér að mörgu leiti framfúsir og vilja góðir til þarflegra verka, það veitir heldur ekki af, því þessi sveit er ótrúlega langt á eftir tímanum bæði í orð og á borði."¹⁴

Ekki fór hjá því að þessi ummæli, "ótrúlega langt á eftir tímanum" vektu athygli og spurningar um mun á því umhverfi sem Kristinn var vanur úr Eyjafirði og e.t.v. Skagafirði, og því sem hann kom að í Mýrahreppi. Framlög Landssjóðs til farkennslu var að finna í Stjórnartíðindum frá upphafi slíkra framlaga upp úr 1880 og langt fram á 20. öld og þar með fram til upphafs Núpskkóla 1907. Spurning hvort þar væri einhver sjáanlegur munur á áhuga og framtaki til þess að nýta sér framlög til farkennslu í þessum héruðum? Sú hugmynd fæddist að bera saman framlög á íbúa hvors svæðis um sig.

¹³ Eftir 1880 fór að tíðkast, að gagnfræðingar réðust til kennslu að vetrinum, en sáu um sig sjálfir á sumrin, og búfræðingar réðust í jarðabótavinnu á sumrin og sáu um sig sjálfir að vetrinum, utan við vistarband, en þó án leyfisbréfs, og það jafnvel þótt meðal vinnuveitenda þeirra væru stjórnvöld (hreppsnefndir og sýslunefndir).

¹⁴ Í bréfi 10. okt. 1892, eftir Núpsbók, bls. 61.

Farkennsla



Manntalseiningar (svæði) 19. aldar voru kirkjusóknir. Framlögín voru hins vegar allt eins miðuð við hreppa og prestaköll og jafnvel dali eða sveitir. Varð skrásetjara þá til ráða að skipta bæjum landsins niður á bæði sóknir og hreppa og búa til kort af hvoru tveggja og finna /reikna íbúafjölda hvers svæðis um sig þannig að gera mætti einhvern sámlaga rökstuddan samanburð á þessum svæðum. Fljótlega varð svo úr að kortleggja þannig allt landið á grunni sóknarskiptingar manntals 1845 og hreppaskiptingar jarðabókar Johnsens 1861. Sárálítil hreyfing var á mörkum þessara umdæma eða nöfnum á þessu tímabili. Mannfjöldi á sókn fékkst í Hagskinnu. Þyrfti að skipta mannfjölda sókna á milli tveggja eða fleiri hreppa var það gert í þeim hlutföllum sem íbúar voru á bæjum 1845.


Nöfn og staðir 1894	Kr.
Guðmundur Kjartansson í Aðalvík	55,00
Jón Þorkelsson í Grunnavík	30,00
Þorgeir Þorgeirsson í Vatnsfirði	45,00
Kristinn Guðlaugsson Mýrahreppi	50,00
Jón Elíasson Sléttuhreppi	40,00

Tafla 5 Fyrsti farkennari í Mýrahreppui og aðrir samverkamenn í Ísafjarðarsýslu

unnt að sjá af Stjórnartíðindum skiptingu fjárins á milli sókna og er þá framlaginu skipt í hlutfalli við meðalíbúafjölda manntala árána 1890 og 1901. Þar með fæst einnig framlag á íbúa burtséð frá fjölda barna í sókn eða hreppi.

Framlög ársins 1894 til Ísafjarðarsýslu voru skráð á fimm einstaklinga (kennara) á til teknum stöðum, sbr. töflu 5.

Þrjú nefndra staða voru heimfærðir á sóknir, Sléttuhreppur og Aðalvík til Aðalvíkursóknar en Grunnavík til Staðarsóknar í Grunnavík. Í Vatnsfirði og Mýrahreppi koma þrjár sóknir til greina á hvorum stað. Ekki er



Með þessum hætti er unnt að reikna út og skipta framlögum hvort heldur er á sóknir eða hreppa. Á næstu töflu er framlögum nokkurra ára til farkennslu skipt með þessum hætti. Með þeim gögnum sem tölvuskrað hafa verið er unnt að gera þetta fyrir allt landið á tilteknum árum 1880-1906 (fram til stofnunar Núppsskóla).

Athugun á framlögum til farkennslu (töflur 6 og 7) vekja e.t.v. helst athygli fyrir hversu lágar upphæðirnar eru á hvern íbúa. Alþingi og landsstjórn landshöfðingjatímabilsins hafa fengið þann vitnisburð sögunnar að hafa verið nísk á fé og frekar viljað safna í sjóði en

Kennari	Framlag, kr.	Á sókn	Sókn	Íbúafjöldi	Frl á íbúa, aurar
Guðmundur Kjartansson í Aðalvík	55,00	55,00	Aðalvíkursókn	463,0	0,12
Jón Þorkelsson í Grunnavík	30,00	30,00	Staðarsókn í Grunnavík	281,0	0,11
Þorgeir Þorgeirsson í Vatnsfirði	45,00	13,39	Vatnsfjarðarsókn	263,5	0,05
		16,16	Snæfjallasókn	318,0	0,05
		15,45	Kirkjubólssókn í Djúpi	304,0	0,05
Kristinn Guðlaugsson í Mýrahreppi	50,00	25,65	Mýrasókn	266,5	0,10
		12,85	Núppssókn	133,5	0,10
		11,50	Sæbólssókn	119,5	0,10
Jón Elíasson í Sléttuhreppi	40,00	40,00	Aðalvíkursókn	463,0	0,09

Tafla 6 Skipting farkennsluframlaga á sóknir og íbúa.

efna til þjóðþrifaverka. Kennarakaupið var ennfremur lágt. Hvað sem því líður ber yfirlitið fyrir Ísafjarðarsýslu með sér að ekki hefur verið sótt eða veitt fé til farkennslu í sumum sóknum sýslunnar. Í kaupstöðum landsins (Reykjavík, Ísafjarðarkaupstað og á Akureyri) fór samt fram kennsla fyrir eigið skattfé þeirra. Sjópláss, sem svo voru kölluð, fengu einnig dálítinn styrk sum hver að minnsta kosti. Nálægð við slíka staði hefur e.t.v. komið í stað umsókna eða framlaga t.d. í Hólssókn (Bolungarvík) og Eyrarsókn (Ísafjarðarkaupstaður) en varla í öðrum sóknum. Þannig eru einar fjórar sóknir í Ísafjarðarsýslu þar sem engin

farkennsla fyrir landssjóðsfé hefur farið fram á árunum fyrir aldamótin 1900. Í Eyjafirði virðist koma um helmingi hærra framlag á íbúa en fyrir vestan og framlögin almennt þéttari.

Þrátt fyrir þennan mun á sýslunum er varla líklegt að Kristinn hafi átt við hann þegar hann taldi Mýrhreppinga vera á eftir tímanum. Líklegra er að hann hafi átt við búskaparhættina og yfirgnæfandi áhugann á sjósókninni.

Á næstu tveimur töflum eru hliðstæðar myndir fyrir sýslurnar. Í Eyjafirði virðist við fyrstu sýn farkennslan dreifast á fleiri sóknir en gerist í Ísafjarðarsýslu. Líklega verður svo að teljast í heildina tekið en á það er að líta að á Vestfjörðum eru sjávarplássin fleiri en við Eyjafjörð þannig að farkennslufé rennur síður þangað vegna hinna sérstöku framlaga til sjávarplássanna.

	1894	1895	1896	1897	1898	1899	Samt	Á íb
Rafnseyrarsókn								
Álftamýrarsókn								
Hraunssókn		6,54	7,48	9,35			23,37	0,22
Sandasókn		28,46	32,52	40,65			101,63	0,22
Mýrasókn	25,65	17,95	20,52	38,47	23,08		125,68	0,47
Núppssókn	12,85	8,99	10,28	19,27	11,56		62,96	0,47
Sæbólssókn	11,50	8,05	9,20	17,25	60,35		106,36	0,89
Kirkjubólssókn í Önundarfirði		4,78	7,17				11,94	0,11
Mosvallasókn		25,22	37,83		45,00	40,00	148,06	0,27
Súgandafjarðarsókn			20,00		25,00	25,00	70,00	0,38
Hólssókn								
Eyrarsókn í Skutulsfirði								
Eyrarsókn í Seyðisfirði								
Ögursókn								
Vatnsfjarðarsókn	13,39			35,00		9,51	57,90	0,22
Kirkjubólssókn í Djúpi	15,45					10,96	26,41	0,09
Snæfjallasókn	16,16		55,00	55,00	45,00	64,53	235,69	0,74
Staðarsókn í Grunnavík	30,00			40,00	18,97	35,00	123,97	0,34
Aðalvíkursókn	95,00	65,00	80,00		46,03	75,00	361,03	0,93
							Meðalt.	0,34

Tafla 7. Hvanneyrarsókn var á Siglufirði og Miðgarðssókn í Grimsey. Hluti Akureyrarsóknar hefur verið utan kaupstaðarins sem hafði sitt sérstaka skólahald eins og annars staðar segir.

Þessu efni er hér gert svo hátt undir höfði vegna þess að þörfin fyrir kennslu (og skóla) í Mýrahreppi var höfuðröksemd Kristins í viðleitni hans til þess að fá Sigtrygg bróður sinn til sín vestur. Það tókst að lokum og vestur kom hann 1905 og hann lýsir söfnuði og aðstæðum svo:

Húsvitjunarferð mín sannaði mér það, sem ég hafði áður haldið, að fólk mundi hér vera nokkuð svipað og annarsstaðar. Verra að halda húsakynnum góðum en t.d. á Norðurlandi vegna votviðranna. Svo finnst mér það spilla, að víðast eru baðstofur hafðar á lofti uppi og því þröngar og leiðinlegar. Gestrisni og alúðar naut ég allsstaðar í besta máta. Börn voru máske fremur lakar að sér í skrift og reikningi en ég hef vanizt, en kristinfræði allsstaðar meira í fyrirrúmi. Kirkjurnar hafa verið vel sóttar, einkum nú í haust, og nálægt 80 hafa verið til altaris. Var þó vor-sakram. lokið áður en ég kom. - Nú kynni þér að detta í huga að spyrja: Ætli fólk sé þá að því skapi betra en það er nú trúræknara en hér [fyrir austan?] gerist? Ja, þessari spurningu mætti máske svara misjafnlega, eftir því hvernig hún er tekin, og ætla ég mér ekki að gera það beinlínis, enda eigi mitt að "rannsaka hjörtun og nýrun". ...Eitt held ég að ég megi segja um söfnuð minn hér, að menn almennt látið sér annara um skilvísi en sumstaðar

annarsstaðar. Bróðir minn hefur á hendi fjárheimtu og reikningshald hreppsins og lætur hann hreint ekki illa af skilum. Eigi svo fáir eru búnir að borga mér eitthvað af prestgjöldum sínum, en þau þó engan veginn skemmtileg, því að flest "eru í dagsverki". Efni virðast mér lítil hjá fólki, en manndáðarfýsn þó eftir vonum. Reynsla mín í þessu er samt mjög lítil. Þó skal ég segja þér það helzta, sem ég styðst við. Ég get nefnt fyrst kirkjuna að Mýrum, sem er nýbyggð og líklegast með veglegustu kirkjum í sveit. Þó er þess að geta að þrýði hennar mun mest að þakka einstökum mönnum (þar á meðal kapt. Berg og hans fólki). En samtímis lagaði söfnuðurinn mjög grafreitinn, stækkaði hann og girti hann allan með timbri, af því að "það var fallelgra en úr grjóti eða torfi".¹⁵


Óhætt er að segja að þeir bræður hafi tvíeflst eftir að þeir voru komnir saman á

	1894	1895	1896	1897	1898	1899	Samtals	Á íb
Akureyrarsókn			9	19,31	19,08	27,24	74,49	1,24
Bakkasókn	18,51	16,34		4,53			39,38	0,25
Bægisársókn	10,83	15,95		2,65			29,44	0,30
Glæsibæjarsókn	2,85	20,00	28	20,00	20,00	25,00	116,04	0,69
Grundarsókn	13,62	32,27	21	13,04	28,55	52,47	160,80	0,69
Hólasókn	11,80	14,31	6	32,63	42,40	5,52	112,81	0,70
Hrafnagillssókn	11,47		77	63,16	65,55	50,70	267,40	0,36
Hvanneyrarsókn								
Kaupangssókn	8,82		9	14,17	15,78	18,24	66,01	0,41
Kvíabekkjarsókn	30,00		35	40,00	40,00	40,00	185,00	0,74
Lögmanshlíðarsókn	50,00	50,00	55	50,00	45,46	55,00	305,46	1,38
Miðgarðasókn								
Miklagarðssókn	10,19	23,53	7	37,52	23,12	48,41	149,61	1,05
Munkaþverarsókn	38,86	20,00	29	37,91	34,03	51,69	211,62	0,84
Myrkársókn	20,65	7,70		40,05	20,00	15,00	103,41	0,55
Möðruvallaklausturssókn	29,85	20,00	87	90,00	100,00	45,00	371,94	0,59
Möðruvallasókn	14,68	17,64	17	6,59	31,81	45,76	133,87	0,73
Saurbæjarsókn	10,15	57,25	5	28,07	29,33	19,95	150,04	1,07
Stærraárskógssókn	25,48	102,77	83	59,44	71,02	82,47	424,06	0,83
Tjarnarsókn	23,76	18,77	17	29,77	12,27	11,90	113,24	0,63
Upsasókn	36,04	31,89	28	51,89	23,00	22,31	193,26	0,91
Urðasókn	29,84	23,56	32	37,38	15,57	26,50	165,01	0,73
Vallasókn	37,58	23,01	75	41,89	38,04	18,23	233,53	0,79
							Meðaltal	0,64

Tafla 8 Notuð framlög til farkennslu í Ísafjarðarsýslu síðustu ár fyrir aldamót. Sjá Eyjafjarðarsýslu einnig.


Núpi. Rak þar hvað annað, stofnun bindindisstúku, bygging stúkuhúss, stofnun skóla og stofnun Skróðs. Er þá ótalin forysta Kristins í bændasamtökum, fyrst innan sveitar en síðan um Vestfirði alla. Enn er þá ótalin prestsdómur sr. Sigtryggs og öll embættisfærsla sem var til fyrirmyndar í alla staði. Af umfjöllun um mannfjölda í Mýrahreppi / Dýrafjarðarþingum hér

¹⁵ F.S., s. 192: Bréf sr. Sigtryggs til Sigurðar Sigurðssonar á Halldórsstöðum dags. Núpi, 20. nóv. 1905. Bréf sr. Sigtryggs til Sigurðar eru ekki skráð eða finnanleg á Lbs. Finnur nefnir það í eftirmála bókarinnar að hann hyggist afhenda þau safninu en það hefur ekki orðið.



Mynd 17 Skólahúsið var tekið í notkun haustið 1932. Stúkuhúsið sætti ýmsum endurbótum allt frá byggingu 1906 til byggingar nýs kjallara (1927), "Langalofts", fordyris, vatnslagnar, miðstöðvar og rafmagns 1930.

að framan er væntanlega ljóst að ekki vantaði mannfjölda í Dýrafirði til þess að fara af stað með skóla. Mannfjöldi er hins vegar eitt og aldursamsetning mengisins annað.




Mynd 16 Guðmundur Ásgeir



Mynd 15 Björn Guðmundsson



Mynd 14. Eiríkur J. Eiríksson



Mynd 18 Upphaf nemendaskrár fyrsta skólaárs Núppsskóla í skólahaldsbók sr. Sigtryggs. Rithönd frú Hjaltínu.



Mynd 19 Heimavist og skólastjóraíbúð fokheld haustið 1955.




Mynd 21. Áslaug Jensdóttir



Mynd 22 Valdimar Kristinsson



Mynd 20. Haukur og Vilborg




Mynd 23 Upphaf skólaárs sr. Sigtryggs um 3. starfsár Ungmennaskólans að Núpi.

Aldursdreifing íbúa Mýrahrepps 1906

Eitt form birtingar aldursamsetningar íbúamengis er svokallaður aldurspíramídi. Er þá körlum og konum skipt og fjöldi hvors kyns sýndur á mynd með súlum til tveggja handa. Oft er ein súla eða lína fyrir hvert aldursár en stundum er einhver árafjöldi tekinn saman í eina línu eða súlu. Svo er í eftirfarandi súluriti eða aldurspíramíða fyrir Mýrahrepp 1906 samkvæmt sóknarmannatali sókna hreppsins það ár. Árið 1906 er árið sem nemendum stóð Núppsskóli fyrst til boða og ákvarðanir voru teknar um skólagöngu og skólavist.

Samkvæmt talningu af þessu tilefni á nöfnum sóknarmannatalsins voru skráðir einstaklingar í árslok 1906 497, karlkyns 242 og kvenkyns 255.

Í píramíðanum eru 14 láréttar súlur, 6 fæðingarárgangar saman í súlu. Þessi flokkun árganga saman á rætur í því að skólaaldur nemenda Núppsskóla var framan af skilgreindur á sex ára bili, 15-20 ára. Ekki er súla fyrir þrjá yngstu árgangana 1-3 ára.



Súluriti 19 Aldurspíramídi Mýrahrepps 1906. Nemendur Núppsskóla táknaðir með litum.

Við svo búið á að sjást á myndinni að fjöldi hreppsúa á aldrinum 3-8 ára er 78, 37 karlar, vinstra megin, og fjörutíu og ein kona hægra megin. Konur eru heldur fleiri en karlar í efstu 5 hópnum / súlunum eða þar til kemur að aldrinum 51-56 þá eru konur 10 en karlar 14. Allar súlurnar sýna annars tiltölulega jafna skiptingu kynjanna eftir 20 ára aldur (15-20 ára). Við þessi aldursmörk verður stökkbreyting. Meira en helmingur íbúa hverfur úr sóknarmannatalinu á næsta 6 ára bili (21-26 ár), þ.e. ríflega helmingur hreppsúa hverfur þegar fullorðinsárum er náð.

Íbúar hreppsins á skólaaldri, 15-20 ára, eru taldir fram eða sýndir í þriðju súlu að neðan. Á þessum aldri eru alls 44 piltar og 28 stúlkur. Út af fyrir sig er þetta merkilega mikill munur kynja en engar skýringar eru tiltækar á honum og liggja á milli hluta.

Fjöldi pilta í skólanum fyrsta árið var 12 en stúlkna 8. Sýnilegt er af myndinni að þessi nemendafjöldi er ekki fjórðungur ungmenna Mýrahrepps á þessu ári. Nokkrir nemendur eldri (tveir piltar og tvær stúlkur) og yngri (tveir piltar) eru í skólanum


Vorið 1907 fermdust 11 sóknarbörn, þar af eitt sem verið hafði á undanþágu undir aldursmörkum. Ekkert fermingarbarnanna sótti um skólavist haustið (1907). Af 15 nemendum 2. skólaársins (súluriti 20) voru 10 sitt annað ár í skólanum, enda skólinn skilgreindur sem tveggja ára skóli. Fimm nýir nemendur komu. Hlutfallstala

skólanemendanna af þeim í hreppnum sem skv. aldri áttu rétt á skólavist lækkar því enn og fer niður fyrir 20%.

Þegar kom að þriðja árinu 1908-09 bárust aðeins tvær umsóknir á réttum tíma og útlit fyrir að þessi skólatilraun á Núpi rynni út í sandinn eins og ýmsar aðrar víða um land.

Þessi ögurstund er í raun tilefni þess að ráðist var í þessa athugun á samfélaginu í Mýrahreppi og kringumstæðum fólks nær og fjær skólanum í sveitinni.


Segja má sem svo og hugsa sér að nemendafjöldinn fyrsta árið hafi verið af uppsöfnuðum áhuga til nokkurra ára en nýliðun sem telur fimm á 2. ári og tvo (umsækjendur) á þriðja ári bendir ekki til mikils viðvarandi áhuga í sveitinni.



Súlurit 20. Aldurspíramídi Mýrahrepps 1907. Nemendur Núppsskóla Táknaðir með litum.

Hugsanlegt er að nemendum hafi ekki líkað skólinn, hann hafi e.t.v. þótt erfiður og sr. Sigtryggur strangur eða kröfuharður. Erfitt var með húsnæði og fæði fyrstu tvo veturna og sú heimavist sem bauðst þriðja árið var ýmsum annmörkum háð. Barnaskóli, farkennsla, hafði lítil verið undanfarin ár í hreppnum og ýmsir kunna að hafa vantreyst sér til skólagöngu. Loks kann einhverjum áhugasömum að hafa verið ofviða að reiða fram kennslugjaldið og annan kostnað. Kennslugjaldið var kr. 14 fyrir pílta en kr. 10 fyrir stúlkur. Ýmsir kostnaðarliðir skólahaldsins eru raktir í Núppsskólalabókinni þar á meðal að nefna að steinólufutunnnan kostaði 30 kr. (160 lítar ?) og tunna af mó kostaði 4 kr. (1909-10). Öll kennslulaun Núppsskóla 1909-10 voru 680 kr.

Almennur hagvöxtur í landinu tók talsverða dýfu árið 1908. Brottflytningur fólks úr sveitinni var þessi ár með því almesta sem gerðist og fæðingartala ársins 1908 var einungis 7, sem var innan við helmingur þess sem vanalegast var í sveitinni árin á undan.



Mynd 24. Stúkuhúsið í sinni endanlegu mynd.

Væntanlega er þó ljóst af framansögðu að íbúatölur og aldursdreifing stóðu ekki í vegi skólahalds á Núpi. Miklu síður er sýnilegt hvort Mýrhreppingar höfðu efni á að sækja skóla eða hvort heimilisástæður settu skólasókn einhverjar skorður. Ekki er sú dul ætluð að unnt sé að leiða þetta í ljós með óyggjandi hætti en engu að síður verður nokkuð að þessu hugað.

Hreppsþækur og tíund

Við upphaf þeirrar skráningar Mýrhreppinga sem er á þessum blöðum var skrásetjara einkum tvennt í huga. Fjöldi íbúa í hreppnum á skólaaldri 1906 og efni þeirra til þess að sækja skóla.

Eins og fram er komið eru heimildir um fjölda fólks í sveitinni nægar. Tregara var um efnahaginn. Framtöl til tíundar reyndust vænlegust en þó takmörkunum háð eins og fram á eftir að koma hér á eftir.

Ekki verður fjallað um tíund eða fjármál Íslendinga yfirleitt á fyrri öldum án hugtaksins kúgildi.

Tíund var viðtekin á Íslandi á árunum 1096-1097 að undirlagi kirkjunnar undir forystu biskups að erlendri fyrirmynd. Tíund átti að vera 10% af tekjum gjaldenda. Á bak við þá tölu var sú hugsun / skoðun / reynsla að eignir gæfu 10% árlegan arð. Þannig hafi tíundin hér á landi verið 1% eingaskattur í raun. Á arðinum lifðu menn, söfnuðu eignum eða drógust á hans upp í fátækt og eignaleysi.

Eignir skiptust í jarðeignir og lausafé, þ.e. búfé. Engin merki þess sjást um það öldum saman að peningar eða gripir, t.d. úr gulli eða silfri, hafi fallið undir þessa skattheimtu (hér á landi).

Kýr voru þau verðmæti sem allir mátu svipuðum skilningi og var grunneining alls verðmætamats. Þær voru þó fremur þunglamalegur gjaldmiðill og þróaðist því ákveðinn jafngildisreikningur í handhægari vöru svo sem ullardúk (vaðmáli) eða fiskum. Eitt kúgildi jafngildi 120 álnum (alin = 40-50 cm) vaðmála eða 240 fiskum, málfiskum, af ákveðinni stærð.

Þessi jafngildisreikningur var festur í lögbækur (Grágás, Jónsbók) og var hafður um jarðeignir sem annað þannig að verðmæti jarðar reiknaðist út frá því hve margar kýr taldist mega fódra á jarðeign.

Allar algengar lífsnauðsynjar fyrri alda voru felldar undir þennan reikning svo sem smjör, tólg, ull, peysur, vettlingar, lýsi og skinn.

Heimildir eru til fyrir því að Ísafjarðarsýsla var um skeið efnalítill talin. Ritið Skýrslur um landshagi á Íslandi kom út í 5 bindum á árunum 1861-1875. Í II. bindi hennar er m.a.



Mynd 25. Eitt kúgildi á 20. öld!

fjallað um þinggjöld á Íslandi árin 1836-1840. Höfundur skiptir tekjum af þessum gjöldum í landstekjur ætlaðar til alls landsins þarfa og héraðstekjur ætlaðar einstökum héruðum eða sveitum (hreppum).

Úr Jónsbók.

Hér segir kvikfjárlag á vor. Þetta er enn fjárlag svo sem lagt er dýrt á vor í því héraði. Kýr átta vetra gömul og eigi yngri en að öðrum vetri og hafi borið tvo kálfa, heil og heilspenuð, og hafi kelt um veturinn eftir Pálsmessu, eigi verri en meðalkýr, héraðræk að fardögum. Þrjú veturgömul naut við kú. Tvau tvævetur naut við kú. Kýr geldmjólk eður kvíga að fyrsta kálfi tveimur aurum verri en kýr. Uxi fjögurra vetra gamall, graður eður geldur, við kú. Uxi þrevetur tveir hlutir kúgildis og kýr geld með sama lagi. Uxi fimm vetra þriðjungur annars kúgildis. Uxi sex vetra tveir hlutir annars kúgildis. Uxi sjau vetra fyrir kýr tvær og svo þó að ellri sé, landgenginn. Arðuruxi gamall á vor, hann er metfé. Sex ær við kú, tvær tvævetrar og fjórar gamlar, og fæði lömb sín, órotnar, loðnar og lembdar að fardögum. Sjau lambskotur (lamblausar en mjólkandi ær)við kú. Átta ær algeldar, þrevetrar og ellri við kú. Átta lambgimbrar [gemlingur?] og fæði lömb sín við kú. Átta geldingar tvævetrir við kú. Sex geldingar þrevetrir við kú. Fjögurra vetra gamall geldingur og annar tvævetur fyrir ær tvær. Hrútur tvævetur ágildur. Tólf veturgamlir sauðir við kú. Allt þetta fé skal vera gilt og í ullu. Þrevetur forystugeldingur og ellri, það er metfé. Geitur sex með kiðum og svo farið sem ám við kú, en átta algeldar við kú, þrevetrar og ellri. Sjau lambsk[otur] við kú. Átta höðnur og fæði kið sín við kú. Átta tvævetrir hafrar við kú, fjórir kjarnhafrar en fjórir algeldir. Sex þrevetrir við kú, þrír hvorir, fjögurra vetragamall hafur og annar tvævetur fyrir geitur tvær. Tvævetur hafur jafn geit. Ef hafrar eru ellri en nú eru taldir, það er metfé. Tólf veturgamlir geitsauðir við kú, hálf höðnur og algeldingar en hálf kjarnhafrar og geldhafrar. Hestur fjögurra vetra gamall og eigi ellri en tíu vetra, heill og lastalaus, jafn við kú. Hross með sama aldri, heilt og lastalaust, fjórðungi verra en kýr. Hestur þrevetur jafn við hross. Hross þrevett tveir hlutir kúgildis. Tvævett hross og hestur tvevetur við kú. Þrjú veturgömul hross og einn hestur í við kú. Ef maður geldur eitt hross veturgamalt fyrir þriðjung kúgildis, þá skal fylgja eyrir, þetta skulu vera meðalhross. Stóðhestur og sé verði betri fyrir vígs sakir. Geldur hestur og sé verði betri fyrir reiðar sakir og fylhross í stóði, það er allt metfé. Sýr tvævetur og ellri með níu grísum við kú. Albreitt léreft þrjár álnar fyrir tvo aura. Enskt léreft tvíelnt, tvær álnar fyrir eyri. Mörk vax fyrir eyri. Skrúðklæði ný, skorin og óskorin, hafnarvaðmál ný og ónotin. Kattaskinn ný og lambskinn, flatsmíði nýtt, vörusmíði nýtt, teint járn, eirkatlar nýir, það er allt metfé, og þó réttgoldnir lögaurar. Allt metfé skulu virða sex skynsamir menn, þrír af hvors hendi. Þrjár átta fjórðunga vættir gamalla sauða ullar við kú. Þrjár vættir mjölvægs matar við kú. (Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 8, Rvk. 2004, bls.153).

Einn kafli fyrrnefndrar greinar í Skýrslum um landshagi fjallar um fjölda framteljenda lausafjár en hið svokallaða lausafé var skattstofn tíundar. Tíund var skipt í fjóra staði (einn gekk til biskups (síðar konungs), annar til presta, þriðji til kirkna, og hinn fjórði til fátækra fyrir milligöngu hreppsins) í hverjum hreppi fyrir sig allt til ársins 1909 þegar útsvar tók við af tíund.

Að loknu framtali og álagningu skiptust framteljendur í þá sem náðu skiptitíund svokallaðri, þ.e. 5 hundruðum = 5 kyrverðum (kúgildum). Þeir voru bjargálma. Þeir sem ekki náðu þessum fimm (600 álnum) voru taldir þurfamenn, þó ekki ómagar, og áttu tilkall til hluta hreppstíundar. Hreppstíundin gekk yfirgnæfandi til framfærslu fátækra og var oft kölluð þurfamanna- eða fátækra tíund. Lítils háttar önnur gjöld komu hreppum til tekna.

Frá upphafi var kvartað undan þessari skattlagningu sem annarri og má grípa niður í "fjölmíðlaumræðu" þess tíma sem fyrrnefndar hagskýrslur komu út.

Eintak af blaðinu Íslendingur kom út 30. september 1861, þar stendur m.a:

"... liggur það bert fyrir, að ekki er atorkuleysinu einu að kenna hvað fjárskorturinn er mikill í landinu og aflið lítið... af þessum fjárskorti leiðir, að ekki eru nema 2 atvinnuvegir fyrir almenning í landinu, kvikfjárræktin og fiskveiðarnar... Öllu því, er landsins þarfir krefja hefir til þessa eingöngu verið jafnað niður á bændaeygnir, lönd og kvikfé búandi manna, og varla teljandi sem kemur annars staðar að." Þessu til áréttingar skrifar "Íslendingur": "... þá er það sem engu munar sem lagt er á hinn aðalatvinnuveg landsins, fiskveiðarnar, sem er þó engu arðminni þeim er þær stunda." Greinarhöfundur segir enn fremur: "Að halda kaupafólk og gjalda því hinni útgengilegustu og nauðsynlegustu vöru bæði fyrir sveitar og sjávarbóndann 7 fiska um hvern dag auk fæðis, er einungis fyrir þá sem nóg hafa efnin, en ekki fyrir bjargálmenn... eða þeim snauðari." Samkvæmt kúgildaverðreikningi voru 240 fiskar í kúgildi. Greinarhöfundur Íslendinga reiknast þá til að að kúgildið endist í 35 daga "til að halda kaupafólk". Honum þykir steinninn tekinn úr þegar: "... nú er farið að greiða af því kostnað til lærdóms og menningar manna og dýralæknum handa landinu." [Skrifara, AE, þykir þessi verðreikningur tortryggilegur.]

Á árunum 1836-1840 voru framteljendur í Ísafjarðarsýslu að meðaltali 450. Af þeim náðu 329 (að meðaltali) ekki skiptitíund eða 73,4%. Samkvæmt þessari skrá Landshagstíðinda hafði engin sýsla landsins hlutfallslega fleiri þurfamenn. Hinar tvær aðrar sýslur Vestfjarðakjálkans voru áþekkar, Barðastrandarsýsla 72,8% og Strandasýsla 62,1%."... þessi samanburður er að öðru leyti meðal annars mælikvarði fyrir velmegun manna.", segir í Landshögum. Þar sem best lét, í Norður-Múlasýslu, var hlutfallið 29%.

Fleiri skattar en tíund voru lagðir á landsmenn. Einn þeirra var hið svokallaða þingfararkaup sem jafnan var einfaldlega kallað "skatturinn". Hann rann í landssjóð, var "landstekjur". Skatturinn var nefskattur, lagður á þá sem áttu meira en eitt hundrað vaðmála á hvern heimilismann. Af því verður í þessum skrifum dregin sú ályktun að hið opinbera hafi talið eitt hundrað þurfa til framfærslu hvers einstaklings í sveitaþjóðfélagi 19. aldar og fram á þá 20.

Í ljósi framangreinds, þó ekki væri annað, væri fróðlegt að skyggjast um í Mýrahreppi á því herrans ári 1906, stofnári Núppsskóla. Á því ári eru framteljendur til tíundar 73 bændur í Mýrahreppi jafnt og búlausir menn. Af þeim náðu skv. framtali 27 skiptitíund eða 37%. Þurfamenn voru samkvæmt því 63% og hafði þá fjöldi bjargálma Mýrhreppinga aukist um 10 prósentustig. milli 1840 og 1906. Álitamál er hvort þetta eru samanburðarhæfar tölur. Ef einungis eru taldir búandi menn á lögbýlum voru skiptitíundarmenn 57,5% og þurfamennirnir þá 42,5%.

Lausafé til framtals til tíundar skv. reglugerð 68/1880	Verð í álnum	Fjöldi gripa Jóns í Ytri-Húsum / Skaga skv. framtali 1906	Verðmæti lausafjár Jóns í álnum skv. reglugerð 68/1880
Kýr leigufær	120	2	240
Kýr eigi leigufær eða mylk kvíga	60	1	60
Geldneyti tvævetur eða geld kvíga	40		
Eldri naut	60		
Ær leigufær með lömbum	20	50	1.000
Lambskotur (mylk en lamblaus ær)	8		
Sauður þrevetur eða eldri	12	18	216
Sauður tvævetur eða geld ær	10	16	160
Gemlingur	5	35	175
Hestur eða hryssa 5 vetra eða eldri	40	2	80
Trippi 2-4 vetra	30		
Þilskip	360		
Áttæringur eða stærri skip	180		
	Samtals	í álnum	1931
	Samtals	í kúgildum	1931/120 =16,1

Tafla 9 Forsendur álagningar tíundar samkvæmt reglugerð 68/1880.

Árið 1880 var gefin út "Reglugerð fyrir hreppsstjóra" (nr. 68, 29. apríl 1880. Stjt. 1880, bls. 65-86) í 47. greinum. Fertugasta og fyrsta grein telur upp m.a. hvað skuli telja fram til tíundar og hversu skuli verðleggja í hundruðum og álnum.

Frádráttarbær eru innistæðukúgildi og 1/7 hluti lausafjár að frádregnum innistæðukúgildum. Innistæðukúgildi merkja að jafnaði skepnur sem fylgja leigujörðum og leiguliði skal standa eiganda skil á arði þeirra. Í framtali 1906 í Mýrahreppi eru talin fram slíki kúgildi eitt eða fleiri á alla ábúendur og er á þessari ritunarstundu ekki vitað hvað það á að þýða!

Nánar af framtali Jóns:

Frádráttarbær innistæðukúgildi	1	af	16,1	gera	15,1
Frádráttarbær 1/7 hluti	2,33	af	15,1	gera	13,5

Gjaldskyld hundruð Jóns í Ytri-húsum / Skaga 1906 eru þá 13,5 kúgildi

Við þetta má bæta að geitfé má "leggja í tíund" eins og sauðpening eftir kyni, aldri og öðrum atvikum, skv. reglugerðinni. Þeim fénaði var hins vegar ekki til að dreifa í Mýrahreppi. Til fróðleiks fylgir hér 39 kafli reglugerðarinnar:

Menn skulu samkvæmt lögum um lausafjártíund 12.júlí 1878 (stjtíð.A. 6.) eiga með sjer tvenn hreppskilabing ár hvert, hin fyrri á vorin 12.—24. dag júnímánaðar, en hin síðari á haustin 1.—20. dag októbermánaðar. Skyldur er hver maður hvort heldur er karl eða kona, búandi eða búlaus að mæta á hreppaskilabingi því, er hann á sókn að, til að telja fram lausafje það, er hann átti eða hafði undir hendi í fardögum. Hver sem eigi mætir á hreppaskilabingi, eða lætur fullveðja mann mæta fyrir sig, og er honum það sjálf-rátt, verður sekur um 1 krónu. Hreppstjórar skulu kveðja til hreppaskilabinga með þing-boði, er berast skal um allan hreppinn rjetta boðleið, og er hver sá sekur um 3 kr. til sveitar sjóðs, sem tefur boðburð að nauðsynjalausu eða fellir niður.

Hreppstjóri á að boða þingið tímanlega, velja til þinghaldsins þann dag á tíma-bilum þeim, er nefnd voru, sem er hentugastur hreppsboendum, og, ef kostur er á, tala sig saman við hreppsnefndina um, að hún samkvæmt 12. grein sveitarstjórnarlaganna haldi fund annaðhvort á undan hreppstjórnarþinginu eður eptir það, og er hreppsnefndar-mönnum jafnt og öðrum búöndum hreppsins skylt að koma á hreppstjórnarþingið, telja fram fje sitt, og láta þær skýrslur í tje, sem heimtaðar verða.

Þegar hinum eiginlegu þingstörfum er lokið, má hreppstjóri leyfa frjálssar umræður um mál þau, sem varða almenning, en vel ber að gæta þess, að allt fari friðsamlega og vel fram á þinginu, og er hver sekur 6 álnum, er verður sannur að harki og háreysti á þinginu, þrátt fyrir það að hreppstjóri hafi gjört honum áminningu. Þing skal halda í þinghúsi hreppsins. Hreppstjóri kveður sjer tvo votta að, og skulu þeir með honum sjá um bókun þinggjörðanna og staðfesta þær.

Tíundar Reglugjörð, þann 17da Júlíi 1782:

Grein 1

Bóndi hvörr komi árlega á hreppstjórnarþing, og framtelji rettilega fyrir hreppstjórnarretti allt sitt fje, sem hreppstjóri á þinginu vyrði svo, að 4 rdla vyrði hvört, sem svo gengur í kaupum og sölum, af qvikkfjernaði, fiskiskipum, etc. skal metast á 1 hundrað til tíundar, svo sem [Þessi másgrein er skrifara ekki auðskilin.]:

2 hestar eða 3 hryssur 4ra vetra _____ 1 hundr.
 Allar kýr, sem full leiga geldst af, hvör _____ 1 hundr.
 en 7da hvör fellur úr tíundarreikningum.
 Öll naut og gjeldar qvígur af 3gja hundraða vyrði,
 (eftir Jónsb. kaupab.[bálki] _____ 1 hundr.
 6 mylkar ær _____ 1 hundr.
 8 sauðir 3gja eða 4ra vetra _____ 1 hundr.
 10 sauðir 2 vetrir _____ 1 hundr.
 18 sauðir veturgamlir _____ 1 hundr.
 Hvörr bátur stór eða smár, er gengur til fiski _____ 1 hundr.
 Lóðir og fiskinet, sem brúkast, tíundist; en öll,
 sem hvorjum báti eða skipifylgja til samans fyrir _____ 1/2 hundr.
 Peníngar, er ávaxtarlaust standa, hvörjir 40 rd. specie á 1 hundr.
 20 rdlr specie _____ 1/2 hundr.
 en minna í peníngum tíundast ecki.
 Merk: Jónsbókar kaupabálks VI kap. leggur
 3 naut veturgömul við kú
 2 naut 2 vetur við kú.
 Geldmjólka kú, eða qvígu að 1ta kálfi, 2ur aurum verri en kú.
 Uxa 4 vetra, geldtann eða ógeldtann, við kú
 Uxa 3 vetrann og gelda kú, hvört á 80 álnir
 Uxa 5 vetra 1 hundr. 40 álnir
 Uxa 6 vetra 1 hundr. 80 álnir
 Uxa 7 vetra eða eldri 2 hundr.
 Alinn eða arður uxi er eptir samkomulagi

Einnig til fróðleiks:

4. grein

Prestar, kirkjur, skólar og hospital eru frítekin frá að tíunda þeirra kúgildi eða Inventarium.

5. grein

Sömuleiðis Stiptamtmaður, Amtmenn, og Biskup frá að segja til tíundar, eða gjalda hana af fje sínu til sveitar eða annara, en gefi fríviljuglega til þeirra og fátækra, eptir venju. Þó nær þetta leyfi að eins til heimila þeirra.

6. grein

Geistlegir framtelji, sem aðrir, fje sitt til tíundar, og gjaldi hana í tíma, en einungis til fátækra; haldi og niðursetur, hellst fáfróð börn er kennslu við þurfa.

Framtal Mýrhreppinga til tíundar 1906

Bændur

Skráin fylgir bæjaröðinn frá Botni og út eftir sveit og út fyrir Barða til Ingjaldssands. Tveir bændanna koma fram tvisvar sinnum vegna þess að þeir hafa ábúð á tveimur jarðahlutum. Nokkra undrun vekur að hvalstöðvarstjórinn Berg á Höfða er á þessari skrá.

1907		Bændur														
Bæjarnöfn	Nöfn	Nautpeningur				Sauðfé						Hross		Bátar	Framtal	
		Kýr	leigufærar	Kýr óleigufærar	Geldar kvigur og	Eldri naut	Ær með lömbum	Ær ekki leigufærar	Sauðir 3 vetra +	Sauðir og hr. 2+	Gemlingar 5 vetra og eldri	Tryppi 2-4 vetra	Skip og bátar	Hundruð	Álinir (120 í hundradinu)	
Botn	Sigurlíni Kr.	1	1			50	2		1	42	1			12	10	
Lambadalur Innr	Arnfinnur J.	1	1			46	3	1	2	30	2			11	52	
Lambadalur Innr	Jósep J.	1				31	2			31	2			8	15	
Lambadalur Ytri	Jón H. G.	3				60	4		2	48	2	1		16	20	
Næfranes	Guðmundur G.	1	1			20	8			18	2			6	90	
Næfranes	Guðmundur J.	0	1			8				14				2	80	
Höfði	Sighvatur G.	1				10	2			8	1			3	50	
Höfði	Jón S.	1				8				6		1		2	90	
Höfði	Lauritz Berg	0				9	2						3	46	60	
Höfði	Gísli S.	1	1			26				14	1			6	80	
Hjarðardalur	Óli K.					32	2			5	1			6	35	
Fremstuhús	Hermann J.	2				25	5			18	1			7	70	
Bakki	Guðmundur B.					12								2	0	
Bakki	Moises M.	1	1			14				10	1			4	60	
Bakki	Jón P.		1			12				10	1			0	0	
Gil	Jón P.													3	20	
Gemlufall	Jón M.	1	1			24	2			15	1	1		8	65	
Gemlufall	Jón P.	2				30	4			20		1		8	40	
Lækjarós	Jón P.													0	0	
Mýrar	Friðrik B.	4				63	10	24	17	60	3		7/8	22	108	
Garður Meiri	Kristján	3				36			1	26	2			10	80	
Garður Minni	Guðmundur E.	2				19				18	2			6	50	
Fell	Jón H.	2				18				12	1			5	90	
Lækur	Guðmundur B.	2	1			25	3	3		16	1	1		8	36	
Klukkuland	Jón E.	1				15	1			14	1			3	110	
Kotnúpur	Ívar E.	2				24	1			16	1			7	20	
Núpur	Kristinn	2	2			70			2	30	4			17	10	
Ytri hús	Finnbogi F.	1				18	1			10		1		4	80	
Ytri hús	Jón G.	2	1			50		18	16	35	2					
Leiti	Sigurður J.	1	1			6				5	1			2	115	
Alviðra	Jón Sigm.	1	1			18				14		1		5	40	
Alviðra	Guðmundur J.	2	1			14				24	2	1		8	30	
Alviðra	Vigfús N.	1				10				6	1	1		3	50	
Alviðra	Bjarni Sig.	1				15				6		1		3	110	
Alviðra	Guðmundur G.					5	1			6	1			1	50	
Gerðhamrar	Baldvin S.		2			10				25	2			4	95	
Gerðhamrar	Árni Pálmason					10	7			9	1			2	95	
Arnarnes	Gíls P.	1	1	1		32	3	8	10	26	3			11	6	
Arnarnes	Moises J.					6				3		1		1	15	
Birnustaðir	Guðmundur E.					14				6				2	70	
Fjallaskagi	Kristján A.													16	111	
Sæból	Oddur G.	2	1			54	4	5	8	48	3			15	90	
Sæból	Jón B.	1				24	6		6	24	2			7	0	
Álfadalur	Davíð D.	2	1	1		48	6		6	36	3			14	10	
Hraun	Bernharður J.	2	1			30	2		6	24	3			9	100	
Háls	Jón M.	1	1			12				12	1			4	30	
Háls	Bjarni G.	1				24				24	2			6	60	
Brekka	Brynjólfur E.	2				45			3	33	2			11	105	
Villingadalur	Guðmundur S.	2	1			30	2		3	24	2			9	50	

Tómthúsa og búlausir í Mýrahreppi 1906

		Bændur														
1906		Nautpeningur				Sauðfé					Hross		Bátar	Framtal		
Bæjarnöfn	Nöfn	Kýr leigufærar	Kýr óleigufærar	Geldar kvígur og	Eldri naut	Ær með lömbum	Ær ekki leigufærar	Sauðir 3 vetra +	Sauðir og hr. 2+	Gemlingar	5 vetra og eldri	Tryppi 2-4 vetra	Skip og bátar	Hundurð	Ánir	
Lambadalur ytri	Auðunn J.					15	2			12				3	0	
Lambadalur ytri	Pétur Pétursson					7	1			4	2			2	0	
Næfranes	Gísli H.					10				5				1	110	
Næfranes	Bjarni K.					6				6				1	30	
Höfði	Jón Á.					8				4				1	80	
Bakki	Jóna B.					12				7				2	35	
Kambur	Guðni J.													0	0	
Gemlufall	Andrés H.		1			6	1			2				1	20	
Gemlufall	Bjarni G.					7				4				1	40	
Gemlufall	Sigríður G.					5				3				0	115	
Bessastaðir	Bjarni J.					4				4				0	115	
Miðhlíð	Guðmundur J.J.					8				5				1	65	
Mýrar	Guðný.G.	1				15	2	4	3	12	2		1/8	5	98	
Mýrar	Jón G.					6				7				1	35	
Mýrar	Hjörtur B.					6				4				1	20	
Lækur	Tómas K.					3				3				0	75	
Lækur	Sigurður F.					3				4				0	80	
Hólakot	Eyjólfur G.					9				6	2			2	90	
Sjónarhóll	Bjarni H.					7				2				1	30	
Slétta	Ágúst P.	1				6					1			2	30	
Stúkuhús	Jón K.					7				5	2			2	45	
Rani	Guðmundur B.					6				5				1	25	
Leiti	Guðbjörn B.													0	0	
Leiti	Jóhannes					4				6				0	110	
Gerðhamrar	Guðmundur E.					8				4				1	60	
Álfadalur	Þorbjörn G.					4				3				0	95	
Brekka	Guðbjartur J.	1				20				12	2			5	100	
Brekka	Guðrún S.					4				4				0	100	

Tafla 11. Búlausir menn og þurrabúðarframateljendur í Mýrahreppi 1906 og búfjáreign þeirra. Tveir þessara búlausu manna eru ekki skrifaðir fyrir neinni skepnu.

Tveir þessara búlausu framateljenda ná skiptitíund, þau Guðný á Mýrum og Guðbjarni á Brekku.



Mynd 26. Mynd frá Ólafi H. Kristjánssyni. Þök endurnýjuð um leið og lokið er við leikfimisalinn.

Álagning tíundar í Mýrahreppi 1906

Bær nr.	Bændur	Ábúðar hundruð	-Gjald skylda	Bær nr.	Nöfn	Ábúðar hundruð	-Gjald skylda
	Bændur			090 Birnus	Guðmundur	3,9	1,0
001 Botn	Sigurlíni Kr.	6,7	8,5	092 Fjallas	Jón G.	16,6	13,5
003 Lambadalur Innri	Arnfinnur J.	9,4	7,5	094 Sæból	Oddur G.	34,6	9,0
004 Lambadalur Innri	Jósep J.	9,4	4,5	095 Sæból	Jón B.	5,0	5,0
005 Lambadalur Ytri	Jón H. G.	29,7	8,5	100 Álfada	Davíð D.	22,4	7,0
008 Næfranes	Guðmundur G.	11,0	3,5	110 Hraun	Bernharður	12,6	5,5
010 Næfranes	Guðmundur J.	2,6	1,5	112 Háls	Jón M.	6,3	1,5
012,1 Höfði	Sighvatur G.	4,3	2,0	113 Háls	Bjarni G.	6,3	3,5
012,2 Höfði	Jón S.	4,3	1,5	107 Brekka	Brynjólfur I	31,7	5,0
012,6 Höfði	Lauritz Berg	6,6	45,0	104 Villing	Guðmundur	11,9	5,5
012,3 Höfði	Gísli S.	6,6	4,0	Purrabúðarmenn og búlausir			
019 Hjarðardalur	Óli K.	15,0	2,0	005 Lamba	Auðunn J.		2,5
026,1 Fremstuhús	Hermann J.	6,2	5,0	005 Lamba	Pétur Pétursson		1,5
026,2 Bakki	Guðmundur B.	7,2	0,0	008 Næfrar	Gísli H.		1,5
022,1 Bakki	Moises M.	7,2	2,5	008 Næfrar	Bjarni K.		1,0
028 Gil	Jón P.			012 Höfði	Jón Á.		1,0
028 Gil	Jón P.	3,6	1,5	022 Bakki	Jóna B.		1,5
029 Gemlufall	Jón M.	10,7	5,5	022 Kambu	Guðni J.		0,0
034 Lækjarós	Jón P.	3,5	4,5	029 Gemlu	Andrés H.		1,0
034 Lækjarós	Jón P.	7,9	0,0	029 Gemlu	Bjarni G.		1,0
039 Mýrar	Friðrik B.	25,7	14,5	029 Gemlu	Sigríður G.		0,5
042 Garður Meiri	Kristján	11,9	6,5	036 Bessas	Bjarni J.		0,5
045 Garður Minni	Guðmundur E.	5,9	3,5	038 Miðhlí	Guðmundur J.J.		1,0
047 Fell	Jón H.	7,9	2,0	039 Mýrar	Guðný.G.		5,0
049 Lækur	Guðmundur B.	11,1	4,5	039 Mýrar	Jón G.		1,0
053 Klukkuland	Jón E.	11,1	0,5	039 Mýrar	Hjörtur B.		1,0
058,01 Kotnúpur	Ívar E	8,2	4,5	049 Lækur	Tómas K.		0,5
058 Núpur	Kristinn	23,9	8,5	049 Lækur	Sigurður F.		0,5
058,3 Ytriús	Finnbogi F.	4,1	3,0	052 Hólak	Eyjólfur G		2,0
077,09 Leiti	Sigurður J.	5,2	1,5	057 Sjónar	Bjarni H.		1,0
077,06 Alviðra	Jón Sigm.	7,5	3,0	056 Slétta	Ágúst P.		1,5
077,02 Alviðra	Guðmundur J.	10,0	4,5	068 Stúkuh	Jón K.		2,0
077,05 Alviðra	Vigfús N.	3,5	1,5	069 Rani	Guðmundur B.		1,0
077,04 Alviðra	Bjarni Sig.	6,0	2,0	074 Leiti	Guðbjörn B.		0,0
077,03 Alviðra	Guðmundur G.	2,2	0,5	074 Leiti	Jóhannes		0,5
085 Gerðhamrar	Baldvin S.	14,8	1,5	085 Gerðha	Guðmundur E.		1,0
086 Gerðhamrar	Árni Pálmason	5,0	1,5	100 Álfada	Þorbjörn G.		0,5
087 Arnarnes	Gils Þ.	17,6	7,0	107 Brekka	Guðbjartur J.		5,0
088 Arnarnes	Moises J.	2,0	0,5	107 Brekka	Guðrún S		0,5

Tafla 12. Þessi tafla hefur ábúðarhundruð og gjaldskyldu umfram töflur 10 og 11. Gjaldskyldan er sama og lausafjáreignin mínus frádráttarliðir (1/7 lausafjárins og innistæðukúgildin).

Skrásetjara sóknarmannatala Dýrfjarðarþinga á tölvu þótti fróðlegt að fara á milli bæja Núppssóknar árið 1906 og bera saman nöfn og tölur heimildanna, sóknarmanttals, kirkjubóka og hreppsboðar Mýrahrepps í samhengi við stofnun Núppsskóla. Ekki gafst tími til eða var orka fyrir hendi til þess að gera það samhliða ritun sögu skólans.

Þessum línunum er með engu móti ætlað að vera lýsing þessara jarða eða umhverfis og enn síður sögu þeirra. Það hefur Kjartan Ólafsson gert í eitt skipti fyrir öll þykir mér óhætt að segja í bók sinni Firðir og fólk 900 - 1900 og netútgáfunni:

https://www.dropbox.com/sh/4oj4ojngftf4uxk/AACIEb_qdt6SiQVt4G_nDPLMa?dl=0. að ógleymdri útgáfu Búnaðarsambands Vestfjarða á Firðir og fólk 1900-1999. Hér verður einungis horft til einna tímamóta sem kalla má undir þröngu sjónarhorni.

Bæja á milli inn eftir Núppssókn

Bæjanöfn í Núppssókn eru í þrengsta skilningi aðeins 6 talið inn norðurströndina frá fjarðarmynni (Barða): Fjallaskagi (Skagi), Birnustaðir, Arnarnes, Gerðhamrar, Alviðra og Núpur. Árið 1906 voru heimili á þessum bæjum hins vegar 23 og báru með byggingum sínum ýmis fleiri nöfn, hvort heldur voru hjáleigur eða tómtús en langflest báru nöfn heimajarðarinnar og greinarmunur gerður í bókhaldinu með rómverskum tölum, Alviðra I, Alviðra II o.s.frv.

Yfirleitt mundi mega ætla að velmegun bæja hafi farið eftir stærð skv. mati jarðabókar. Stærðin, jarðabókarmatið, var almennt talið miðað við þann búpening sem unnt var að beita eða heyja fyrir með hæfilegum mannskap.

Þá má ætla að helstu stuðningsmenn skólastofnunar á Núpi hafi verið þeir sem tóku sæti í byggingarnefnd stúkuhússins og / eða gengu í ábyrgð fyrir byggingarláninu. Þeir voru:

Ágúst Guðmundsson Alviðru nefndábyrgð
Ágúst Pálsson Sléttu nefndábyrgð
Baldvin Sigurðsson Gerðhömrumnefndábyrgð
Gísli Gilsson Arnarnesi nefnd
Jón Kristjánsson Arnarnesi nefnd
Kristinn Guðlaugsson Núpi nefndábyrgð
Zóphónías Jónsson Skaga nefnd
Jón Gabrielsson Skaga ábyrgð
Gils Þórarinsson Arnarnesi ábyrgð
Ívar Einarsson Kotnúpi ábyrgð

Með yfirferð á bæjum Núppssóknar var það hugmynd skrifara til að sjá (komast að) hvaða samhengi væri á milli fjölda heimilisfólks og ábúðarhundraða. Í öðru lagi þótti honum forvitnilegt að vita hvort lausaféð / búfjáreignin væri í samræmi við ábúðina.

Ef gefið væri að eitthundrað í ábúð og búfjáreign væri nálægt eðlilegri framfærsluþörf mætti álykta um það hvort búskapurinn nægði til meðallífskjara eða hvort sækja þyrfti það sem upp á vantaði til sjávarins.

Í þriðja lagi þótti áhugavert að sjá sókn til skólavistar í Núppsskóla frá þessum heimilum og hvort álykta mætti (væri unnt) um efnahagsforsendur skólavistarinnar út frá þessum upplýsingum.

Í fjórða lagi má í tali heimilisfólks finna tilefni til þess að fjalla almennt um flokka fólks eftir stöðu þess á heimilum.

Fjallaskagi

Ysti bær við norðanverðan Dýrafjörð er Fjallaskagi, oftast kallaður Skagi þar um slóðir. Hann kemur fyrst fram á skjölum á 14. öld og er þá þegar eftirsótt verstöð. Þaðan var stutt á einhver fengsælustu fiskimið landsins undan fjallinu Barða. Sagt er að í venjulegu árferði fullhlóðu sjómenn báta sína í dagróðri frá Skaga og þótt hann tregur ef minna aflaðist. Skipreika hvalveiðimönnugm frá Baskalandi (14 af 83) þótti þar árennileg landtaka árið 1615 og voru þeir felldir þar af Dýrfirðingum allir nema einn, í svokölluðum Spánverjavígum. Oft hefur Dýrfirðingum farist betur við skipbrotsmenn en þetta ódæði var unnið að boði danskra yfirvalda. Ekki er víst að valdboð hafi þurft til því að menn þessir fóru með ránum og ójafnaði sér til bjargar.

Fjallaskagi var skv. hinu forna jarðamati 12 hundraða jörð. Árið 1906 var 2. prestskaparár sr. Sigtryggs í Mýraþingum.¹⁶ Það var því 2. árið sem hann færði sóknarmannatalið til bókar. Færslur hans eru vandaðar í alla staði. Hann fækkaði færslum sem sr. Þórður hafði tíðkað enda var vitnisburðargjöf fyrir lestur, skrift og reikning að færast til hins veraldlega valds barnaskólanna. Þá standa eftir til bókunar nöfn sóknarbarna, aldur þeirra, hvort fermd (staðfest) voru og staða á heimili. Að jafnaði var röð heimilisfólks í þessu bókhalda frá húsbónda til húsfreyju og síðan barna þeirra saman eða hvors um sig. Ekki er sjáanleg regla á röðun annars heimilisfólks og orð sem notuð eru um stöðu þess á heimili breytileg. Þannig skrifaði Þórður síðast stöðu hjónanna á Skaga "húsbændur" en sr. Sigtryggur "búandi hjón". Í tölvuskráningunni

Bær	Nafn, fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Skagi, Ytri hús	01 Jón Jakob Gabríelsson 1856	13.9.1856	50	Húsbóndi	48
Skagi, Ytri hús	02 Jensína Jensdóttir 1856	19.9.1856	50	Húsfreyja	57
Skagi, Ytri hús	03 Zófónías Sigurður Jónsson 1886	6.9.1886	20	Barn húsbænda	62
Skagi, Ytri hús	04 Jens Guðmundur Jónsson 1890	6.9.1890	16	Barn húsbænda	54
Skagi, Ytri hús	05 Gabríel Jónsson 1893	11.2.1893	13	Barn húsbænda	26
Skagi, Ytri hús	06 Tryggvi Jónsson 1895	18.5.1895	11	Barn húsbænda	25
Skagi, Ytri hús	07 Óskar Jónsson 1897	16.11.1897	9	Barn húsbænda	23
Skagi, Ytri hús	08 Soffía Gróa Gabríelsdóttir 1870	1.11.1870	36	Vinnukona	13
Skagi, Ytri hús	09 Guðmundur Magnús Sólmundarson 1890	12.6.1890	16	Vinnumaður	18

Tafla 13. Heimilisfólk frá Skaga í Ytri-húsum 1906

hefur þetta orðfæri verið samræmt að nokkru leyti. Því miður verður að segja.

Í sóknarmannatali 1906 bregður svo við að Skaga er sleppt. Þar hafði hins vegar fram til þessa verið sama fjölskyldan frá 1889 og síðan aftur frá 1907 og áfram til 1911. En 1906 er þar enginn skráður. Þessa fjölskyldu er hins vegar að finna í Ytri-Húsum þetta ár. Húsbóndinn var Jón Jakob Gabríelsson sem byggði þar nýtt hús eða lét byggja 1905. Þetta hús stendur enn (2019), stækkað um tvær álmur í áttina til fjalls og varð seinna heimili sr. Sigtryggs og frú (maddömu) Hjaltlínu undir nafninu Hlíð. Samsetning heimilisins má heita hefðbundin, bóndi, húsfreyja, börn, vinnukona og vinnumaður og þó e.t.v. með einfaldara móti því að hvorki eru þar ættingjar eða aðrir skjólstaðingar.

¹⁶ Nafn prestakallsins breyttist og eru þessi nöfn notuð jöfnum höndum með Mýrahreppi.

Jón Jakob Gabríelsson kemur fyrst fram í sóknarmannatali Dýrafjarðarþinga 1889 með konu sinni Jensínu, föður sínum Gabríel Jónssyni eldri og syninun Zóphóníasi (Sofaníasi). Þá eru þar vinnuhjón með dóttur á 1. ári og húsmaður með sinni dóttur, 28 ára og uppeldisdóttur. Alls eru skráðar 18 sálir þetta ár með vinnufólki. Sé vikið enn aftur þá er í manntalinu 1850 tvíbýli á Skaga, 10 manns á hvoru heimili. Árið 1860 er enn tvíbýli á Skaga, 15 manns á öðru, 16 á hinu heimilinu, alls 31. Tíu árum þar á eftir, 1870, er þar ekkja og 10 manns á einu heimili, en 1880 eru 15 manns í heimili. Hvernig sem á er litið er ekki hægt að segja kotungsyfirbragð á þessum kringumstæðum.

1906 er Jón Gabríelsson sem sagt á Ytri -Húsum, skráður fyrir 4,1 ábúðarhundraði. Þar



Mynd 27 Hrótar Guðmundar Ásvaldssonar á Núpi 2016.

er annar ábúandi með önnur 4,1 ábúðarhundrað. Forna matið á Ytri-Húsum, hjáleigunni, voru 10 hundruð, sem hefði reiknast 5 hundruð á hvorn ábúand ef jafnt hefði verið skipt eins og virðist vera 1906.

Eigandi jarðarinnar á Skaga, Kristján Andrésson í Meðaldal, er ekki tíunarskyldur í Mýrahreppi og kemur ekki fram á þeirri skrá. Hann er hins vegar á búnaðarskýrslunni skráður fyrir 16,6 ábúðarhundruðum og

túnadagsláttum þar. Honum hefur Jón Gabríelsson í öðrum árum goldið jarðarafgjald sem venjulega var 5% og hafa þá verið um 100 álnir. Til hans hefur eflaust einnig runnið vertollurinn. Upphæð hans hef ég ekki fundið í álnum eða fiskum en Kjartan Ólafsson nefnir einhvers staðar að Dýrfirðingar hafi goldið eina krónu á mann. Á þeim tíma voru samkvæmt einni heimild alin virt á 2 krónur og 45 aura.

Á heimili Jóns Jakobs Jónssonar í Ytri-Húsum / Skaga voru 9 sálir 1906 eins og áður er



Mynd 28 Hús Jóns Gabrielssonar frá 1905 byggt í landi Ytri-Húsa. Sr. Sigtryggur keypti húsið þegar hann lét af starfi skólástjóra og flutti þá úr stúkuhúsinu þangað. Hann bætti við neðri hæðina í átt til fjalls. Hann reisti fánastöng málaða í fánalitunum sem Þróstur sonur hans endurgerði síðar. Stöngina vantar á myndina en undirstaðan er sýnileg í brekkunni.

komið fram, hjónin og 5 synir, vinnukona og vinnumaður. Tveir sonanna voru á hinum skilgreinda skólaaldri Núppsskóla, 15-20 ára. Ef litið er til tveggja fyrstu ára skólans má taka svo til orða að með skólanum hafi gefist tvö námstækifæri á mann eða fjögur á tvo menn. Synirnir á Skaga / Ytri-Húsum nota eitt af þessum fjórum, þ.e. annar þeirra var einn vetur í skólanum.

Vinnumaðurinn á heimilinu, Guðmundur Magnús Sólmundarson, f. 12.6.1890, er fyrsti vinnumaðurinn sem kemur fyrir í þessu bæjatali Núppssóknar. Hann var til orðinn fyrir fyrsta skírlífisbrot vinnumanns og vinnukonu á Bakka í Mýrasókn, Sólmundar Guðmundssonar og Guðrúnar Pálmadóttur. Þau giftust þetta sama haust 22.10.1890. Sólmundur er fyrst skráður í sóknarmannatalið á Gemlufalli 1887, 26 ára. Þá er Guðrún vinnukona í Litla-Garði, dóttir húshjóna þar, komin frá Brekku á Ingjaldssandi. Hvaðan Sólmundur kom 1887 finnst ekki skráð. Guðmundur fylgdi foreldrum sínum til 1900. Þá fara þau frá Birnustöðum eftir þriggja ára búskap. Annars höfðu þau verið vinnuhjú, húshjón eða tómthúshjón á a.m.k. 10 stöðum og áttu eftir að vera á öðrum fimm uns þau hverfa úr sóknarmannatalinu 1909 frá Gemlufalli með tveimur börnum sínum öðrum en Guðmundi. Hann var síðast skráður á Skaga 1908 en burtfarinn til Bolungarvíkur 1909.

Vinnukonan Soffía Gróa Gabrielsdóttir er í manntali 1890 sögð systir Jóns bónda og er skráð hjá honum á Gerðhömrum eða Skaga, lausakona eða hjú á árunum 1887-1911. Í manntali 1901 er hún sögð aðkomin frá Þingeyri.

Guðmundur Magnús Sólmundarson hefði verið upplagður nemandi handa Núppsskóla aldursins vegna og kannski hefði maður átt von á því að húsbóndinn, skólanefndarmaðurinn, hefði kostað hann til þess. Það átti ekki fyrir honum að liggja. Guðmundur var fermdur á Mýrum

15. maí 1904 og kunnátta hans í kverinu sögð góð, lestur dágóður, skrift góð og reikningurinn góður.

Tölvuritari Mýrhreppingatals og höfundur Núpsbókar var á sínum tíma undrandi á því hve lágt hlutfall ungmenna á skólaaldri Núpsškóla sótti skólann, fyrstu árin a.m.k. Ekki þurfti að skoða fleiri ferla í sóknarmannatali en feril Guðmundar Magnúsar til þess að átta sig á því að drýgsti hluti þessa aldurshóps var skráður vinnufólk og vinnufólk hefur verið bundið af sinni ráðningu til ársins. Fáum hafa boðist þau kjör að geta losað sig frá vinnu í þá 5 mánuði sem skólagangan tók að jafnaði.



Mynd 30. Sr. Sigtryggur í dyrum gróðurhússins í Skrúði



Mynd 29. Sr. Sigtryggur, maddama Hjaltína og Hlynur,


Birnustaðir

Birnustaðir eru næsti bær á eftir Skaga inni á Skagahlíðum heldur nær Arnarnesi en Skaga. Nafn jarðarinnar er fyrst að finna á blaði í Fornbréfasafni meðal eigna Guðmundar ríka Arasonar.¹⁷ Kjartan Ólafsson rekur eignarhald á Birnustöðum um allar aldir síðan og getur meðal annars eftirfarandi: " Þessi sjávargata fólksins á Birnustöðum er sums staðar bæði brött og tæp og hlýtur að hafa verið ill yfirferðar í vetrarhálkum. Gatan er líka allöng og mun óhætt að segja að á engri sjávarjörð á öllum Vestfjörðum hafi verið erfiðara að komast að og frá sjó en einmitt hér á Birnustöðum."

Jörðin var 6 hundraða að eldra mati og 3,9 að hinu nýrra. Samkvæmt því hefði hún átt að bera allt að 20 fjár eða t.d. eina kú og 14 fjár. Það hefði mátt kalla til viðurværis fjögurra manna fjölskyldu eða svo. Raunin skv. sóknarmannatalinu 1906 var:

Bær	Nafn, fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Birnustaðir I	01 Guðmundur Engilbertsson 1860	22.5.1860	46	Húsbóndi	48
Birnustaðir I	02 Anna Jónína Bjarnadóttir 1865	29.6.1865	41	Húsfreyja	38
Birnustaðir I	03 Guðmundur Halldór Guðmundsson 1889	25.3.1889	17	Barn húsbænda	7
Birnustaðir I	04 Guðfinna Steinunn Guðmundsdóttir 1891	30.7.1891	15	Barn húsbænda	18
Birnustaðir I	05 Sigríður Elísabet Guðmundsdóttir 1898	28.5.1898	8	Barn húsbænda	9
Birnustaðir I	06 Bjarney Gróa Guðmundsdóttir 1900	15.7.1900	6	Barn húsbænda	14
Birnustaðir I	07 Eyjólfa Björg Guðmundsdóttir 1904	24.10.1904	2	Barn húsbænda	24

Tafla 14. Heimilisfólk á Birnustöðum 1906. Dálkurinn "Í tali" tiltekur hveru oft ár á milli 1880 og 1948 nafnið kemur fyrir.



Súlurit 21 Íbúafjöldi, ábúðarhundruð og lausafé (í kúgildum) samkv. framtali 1906.

Heimilisfólkið var samkvæmt meðfylgjandi töflu 7 sálir. Af þeim voru tvær á skólaaldri Núppsskóla. Fjölskyldan var aðeins eitt ár á Birnustöðum. Meðalárafjöldi ábúðar á Birnustöðum var 3 ár síðustu áratuginna sem bærinn hélst í byggð. Guðmundur og fjölsk. fluttust að Ytri-Húsum fyrst en síðan að Gemlufalli. Þar lifði heimilisfaðirinn til 1936, síðast sem húsmáður eða lausamaður. Dóttir hans Guðfinna Steinunn Guðmundsdóttir var ein þeirra sem settist nýnemi í Núppsskóla 1907. Eftir skólavistina var hún þrjú ár vinnukona á Sæbóli og síðast 20 ára gömul, hjá foreldrum á Gemlufalli.¹⁸ Árið 1911 er hún skráð "brottvikin" hjú frá Gemlufalli til Ísafjarðar. Ekki dugði skólavistin til þess að halda henni til langframa í sinni heimasveit eins og skólamenn höfðu almennt gert sér vonir um með stofnun skólans.

Á bújörðum má telja líklegt að súlurnar þrjár á súluriti 21 hefðu þurft að vera sem næst jafnháar hinni fremstu, fjölda íbúanna, til bærilegs eða venjulegs lífsframfæris, eitt kúgildi á

mann. Á sjávarjörðum þurfti að jafna súluhæðirnar með fiskafla ef eitthvað vantaði upp á grænu súluna. Ekki finnast gögn um það hvort það hefur tekist á Birnustöðum 1906.

¹⁷ Kjartan Ólafsson: Dropbox, Vestfjarðarit, Birnustaðir; D.I. VIII, 688.

¹⁸ Guli liturinn merkir orð sem fjalla um skólavist á Núpi.

Arnarnes

Arnarnes er þriðji bær inn með firði og kemur vel við sögu upphafs Núppskóla. Bæjarnafnið kemur fyrst fyrir skráð á sama stað og Birnustaðir. Þessi tvö bæjarnöfn með Gerðhömrum fylgdust gjarnan að í jarðatölum og eignarhaldi.


Arnarnes var talið 18 fornra hundraða jörð. Þar var tvíbýli 1906, bændurnir Gils Þórarinnsson með 9 manna heimili og Móses Þ. Jónsson með 5 í heimili. Samkvæmt framtali ársins 1906 voru ábúðarhundrað Gils 17,6 hdr. en Mósesar 2,0. Þetta er samtals nokkru hærra en hið fyrra (forna) mat og er eitt fárra í hreppnum sem hækkaði frá hinu fyrra.

Á Arnarnesheimilunum voru 9 og 5 manns. Á fyrri bænum, Arnarnesi I, voru húsbændur, 2 ungmenni fermd á skólaaldri Núppskóla, annað þeirra vinnumaður, eitt ófermt

Bær	Nafn, fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Arnarnes I	01 Gils Þórarinnsson 1849	4.4.1849	57	Húsbóndi	51
Arnarnes I	02 Guðrún Gísladóttir 1859	10.6.1859	47	Húsfreyja	47
Arnarnes I	03 Gísli Þórlaugur Gilsson 1884	20.2.1884	22	Barn húsbænda	65
Arnarnes I	04 Guðný Jensína Gílsdóttir 1891	22.9.1891	15	Barn húsbænda	30
Arnarnes I	05 Guðmundur Þórarinn Gilsson 1902	7.5.1902	4	Barn húsbænda	23
Arnarnes I	06 Ólafur Málfinnur Magnússon 1880	3.8.1880	26	Vinnumaður	34
Arnarnes I	07 Finnbogi Sigurðsson 1890	26.9.1890	16	Vinnumaður	7
Arnarnes I	08 Guðmundur Helgi Guðmundsson 1897	27.4.1897	9	Tökubarn	29
Arnarnes I	09 Margrét Jónsdóttir 1855	18.9.1855	51	Vinnukona	63
Arnarnes II	01 Móses Þorleifur Bjarnason Jónsson 1858	8.7.1858	48	Húsbóndi	36
Arnarnes II	02 Kristín Jónína Bjarnadóttir 1866	1.11.1866	40	Húsfreyja	40
Arnarnes II	03 Halldór Jón Mósesson 1888	14.7.1888	18	Barn húsbænda	5
Arnarnes II	04 Finnjón Mósesson 1895	24.12.1895	11	Barn húsbænda	24
Arnarnes II	05 Þórlaug Ágústa Mósesdóttir 1897	16.8.1897	9	Barn húsbænda	14

Tafla 15. Húsbændurnir eru í lituðum línnum.

tökubarn, annar vinnumaður og vinnukona.



Súlurit 22 Ábúðarhundrað og búfjáreign á stærra heimilinu á Arnarnesi bendir til hagsældar. Á hinu heimilinu sýnist eindregið byggt á sjósókn.

Á Arnarnesi II voru húsbændurnir og þrjú börn, eitt þeirra á skólaaldri.

Gísli Gilsson, eldri sonur Gils og Guðrúnar, var í byggingarnefnd stúkuhússins og Gils bóndi var sjálfur einn þeirra sem gekk í ábyrgð fyrir byggingarláni hússins.

Þá er að nefna Jón Ólaf Kristjánsson sem þar var til heimilis árið áður, 1905. Hann var sá sem fékk leyfi til þess að byggja hæð ofan á "samkomusal" stúkuhússin. Sú stækkun reyndist innan skamms forsenda

heimavistar fyrir skólann og ef til vill allrar framtíðar hans.

Jón Ólafur Kristjánsson er samkvæmt framtalinu 1905 búleysingi á Arnarnesi. Hann hefur þá engin ábúðarhundrað en 7 ær, 5 gemlinga og 1 hest sem álagningarnefnd telur samtals 285 álnir eða tvö kúgildi og 45 álnir. Eftir skilningi AE á verðlagningu Jónsbókar telst þessi búpeningur 320 álnir. Einn sjöundi hluti fénaðarins, sem framtalsnefnd telur 40 álnir, dregst frá og er þá gjaldskyld eign 2 hundrað (240 álnir) sem væntanlega gera 24 álnir í tíund (10%). Í sóknarmannatalinu 1906 er Jón og fjölsk. talin til heimilis í stúkuhúsinu sem hann kostaði að einum þriðja hluta á móti stúkunni (í raun sr. Sigtryggi), en byggingarverð stúkuhússins var talið 4.500 kr. en lánið til byggingarinnar kr. 3.000.

Jón var samkvæmt öðrum heimildum skipstjóri. Ljóst er af þessu framtali að tekjur Jóns af sjósókn hafa ekki verið taldar fram til tíundar fremur en tekjur Jóns bónda Gabríelssonar af sexæringnum. Þetta er í samræmi við skrif Íslendinga sem fyrr var vitnað til í þessum texta. Þetta þýðir jafnframt að takmarkaðar ályktanir um efnahag heimila í Mýrahreppi verða dregnar af skattaálögum. Öðru máli gegndi ef til væru innleggsbækur hjá versluninni á Þingeyri (og e.t.v. víðar) en það hefur enn ekki verið kannað af hálfu AE.


Skólaárin tvö fyrstu á Núpi voru fjögur ungmenni á Arnarnesbæjunum á skólaaldri. Tvö þeirra bæði árin, eitt annað árið. Saman voru þannig möguleikar á sjö skólárum frá þessum Arnarnesheimilum. Fjögur þeirra voru notuð, þ.e. 67% skólasókn fólks á skólaaldri, 15-20 ára.

Annað heimilið á Arnarnesi nær skiptitíund. Samanlagt er búféð talið fram rúmlega 12 hundrað og vantar þá 8 hundrað upp á að ábúðahundraðin séu nýtt til skepnuhalds / búskapar. Fullvíst má telja að sjósóknin hafi séð báðum bæjum Arnarness fyrir lífskjörum ekki verri en einu hundraði á mann og afgangi fyrir skólavist fjögurra vetra.



Mynd 31. Arnarnes bærinn síðasti um 2010

Ekki áttu allir á Arnarnesi mikið undir sér. Þar er tókudrengurinn Guðmundur Helgi Guðmundsson, 9 ára 1906, fyrstur slíkra til að koma fram í þessari Núppssóknaryfirreið, og einungis þess vegna gerður að sérstöku athugunarefni hér. Hann er þannig fulltrúi þessa stóra hóps á bókum prestanna, hóps sem er ýmist skráður sem tókubörn, fósturbörn, uppeldisbörn, niðursetningar, sveitarbörn eða ómagar. Í þessu Mýrhreppingatali eru um 10.300 færslur á börn til og með 14 ára fermingaráldurs. Þar af eru um 1.300 með framangreindum auðkennisorðum, þ.e. yfir 12%. Engar skýringar á hlutskipti þessara barna eru í opinberu bókhaldi svo að skrifara sé kunnugt. Í allmörgum tilfellum má leiða af líkum að fráfall foreldra eða foreldris sé skýringin. Miklu oftast er enga skýringu að hafa. Íhugunarefni þótti vera hvort hver og einn væri lengur eða skemur í fóstri eða skráður með þessum hætti eða hvernig þessum börnum reiddi af yfirleitt eða hvort nokkuð mætti álykta um það út frá þessum varðveittu gögnum sóknarmannatalanna.



Súlurit 23. Sambærileg súlurit þeirra þriggja bæja sem fjallað hefur verið um. Ljóst virðist að því hin síðari á ritinu hafa verið háð sjósókn.

Guðmundur Helgi er heimilisfastur á Arnarnesi til fermingar og þau ár bókaður tókubarn. Eftir fermingu er hann skráður hjú til tvítugs. Eftir það er hann skráður lausamaður ýmist á Arnarnesi eða Gerðhömrum til 1927 að hann hverfur úr bókhaldinu til 1929. Þá kemur hann aftur og er þá húsmáður í Alviðru með eiginkonu til og með 1935 að hann hverfur endanlega úr kallinu kvæntur Helgu Þóroddsdóttur. Þau urðu foreldrar Þorvaldar Veigars, f. 1930, þekktis doktors í læknisfræði er síðar varð. Ekki verður séð af þessu dæmi að tókubarnið hafi borið skarðari hlut en önnur börn til sveita á þessum tíma.

Annað tókubarn er á Arnarnesi 1905. Guðjón Marías Sigurðsson, Sigurðar son Björnssonar 50 ára og konu hans 26 ára á Hálsi II, fæddur 26.5.1893. Þau hjón virðast einungis vera þetta eina ár á Hálsi og eru í Alviðru III árið eftir. Eftri það er Marías Guðjón hjá vandalausum (að séð verði) til 1904 að hann er kominn tókudrengur á Arnarnes. Árið eftir er hann skráður uppeldissonur húshjónanna Jóns Ólafs skipstjóra og Guðrúnar Maríu Gilsdóttur. Þar á eftir er hann í stúkuhúsinu á Núpi enn skráður uppeldissonur þeirra Jóns og Guðrúnar og enn ári síðar fóstursonur á Núpi III. Guðjón Marías er nemandi Núppsskóla 1907-08 og þar og þá sagður til heimilis á Sæbóli en þangað fluttu Jón Ólafur og fjölsk. Guðjón er þar áfram til heimilis sem vinnumaður eða hjú í 6 ár. Síðast er Guðjón á Gerðhömrum 1914, 21 árs hjú. Hann er ekki

skráður "brottvikinn" næstu árin í MinDýr en Guðjón Marías Sigurðsson, f. 26.5..1893 er í Íslendingabók og sagður dáinn 18.2.1959 sem er sami dagurinn og vitaskipið Hermóður fórst. Ekkja hans var Guðný Jensína Gilsdóttir.

Árið 1906 voru tveir vinnumenn og ein vinnukona á heimajörðinni en enginn á "úttjörðinni". Er þá horft framhjá fullorðnum börnum hjónanna. Skráð vinnufólk er þá þrennt, Ólafur Málfinnur Magnússon 1880, 25 ára, Finnbogi Sigurðsson 1890, 16 ára og Margrét Jónsdóttir 1855, 51 árs.

Ólafur birtist fyrst í sóknarmannatali sem foreldralaus léttadrengur í Botni II 1891, 10 ára. Árið eftir er hann kominn að Arnarnesi sem smali og hefur það hlutverk í 4 ár. Þá breytist skráningin í vinnumann og helst óbreytt í 13 ár á sama stað á Arnarnesi en gengur 5.10.1910 að eiga Ingibjörgu Jónatansdóttur. Þau eru húshjón á sama stað og síðan húsbændur í Lambadal til 1925. Þetta er ekki óalgengur ferill í sóknarmannatölunum frá tökubarni til vinnumanns, kvænts vinnumanns, húsmanns með fjölskyldu og síðast eiginn herra. Það var hann í Lambadal uns þau fluttu með fjórum börnum sínum í Hvamm í Þingeyrarhreppi.

Hinn vinnumaðurinn á Arnarnesi 1906, Finnbogi Sigurðsson, kom þangað í sama "embætti" frá Bolungavík 1904 og er á Arnarnesi samfelld í 7 ár til 1910 að hann skráður burtfarinn að Minnibakka í Skálavík, 20 ára hjú. Hann kemur ekki meira við sögu í Dýrafirði.

Margrét Jónsdóttir er í byrjun þessa tals 25 ára með föður sínum húsmanni á Lækjarósi. Innan fárra ára er hún komin að Arnarnesi og er þar í þrjátíu ár. Hún skiptir um vist fáeinum sinnum í útsveitinni uns hún í síðustu nærri 20 árin er í Hólakoti háöldruð hjá systursyni sínum Guðmundi Ásgeiri. Hann kom frá Hólakoti til vinnu við Núppsskóla og stóð með undirrituðum rigningarsumarið 1955 og naglhreinsaði timbur löngum votum stundum. Guðmundur Ásgeir fór með Ólafi H. Kristjánssyni að Reykjum í Hrútafirði. Fáar konur áttu jafn langa vinnukonuævi í Mýrahreppi og móðursystir hans Margrét Jónsdóttir.



Mynd 32 Skagahlíðar eru ekki árennilegar til búskapar. E.t.v. er hér þó bæjarstæði Birnustaða í haustúld 2016.

Gerðhamrar



Mynd 33 Gerðhamrar um 1930. Mynd nr. 0049 frá Fjólú Haraldsdóttur.

Kjartan Ólafsson segir m.a. í lýsingu sinni á Gerðhömrum:

Frá Gerðhömrum var á fyrri tíð róíð til fiskjar árið um kring þegar gaf á sjó og á fyrstu árum 18. aldar gengu þaðan ýmist eitt eða tvö skip í eigu ábúenda. Í landareigninni var þó engin lending er sæmilega trygg mætti kallast og gerði það erfiðara fyrir um alla sjósókn. Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1710 segir að lendingin á Gerðhömrum sé brimsöm mjög og hættuleg þegar sæta þurfi sjávarföllum.—Skipsuppsátrið er mjög illt, segir á sama stað og hafa hér jafnlega laskast skip af snjófalli úr bökkunum fyrir ofan og svo stundum af sjávargangi. Séra Jón Sigurðsson segir líka árið 1840 að á Gerðhömrum sé lendingin mjög hættuleg og ólendandi þá vindur blæs af útvestri. Helsti lendingarstaðurinn á Gerðhömrum mun hafa verið niður af innsta hluta túnsins, í vík sem heitir Sauðhúsvík en hún er nær beint niðurrif nýja íbúðarhúsins sem nú (1992) er búið í á Gerðhömrum.

Gerðhamrar voru að eldra mati¹⁹ 24 hundruð.²⁰ Árið 1906 var þar tvíbýli á 14,8 og 5 hundruða hlutum. Baldvin Sigurðsson og Sigríður Sakaríja Kristjánsdóttir á hinum stærri hlutanum með 9 manns í heimili en Árni Pálmason og Sigríður Björnsdóttir á hinum minni með 5 í heimili. Fram talinn búsmali Baldvins var 575 álnir og Árna 335 álnir samtals 910 álnir eða 7,6 kúgildi á móti þeim 19,8 sem jörðin var talin bera. Heimilisfólkið var alls 14 þannig að rétt rúmlega hálf kúgildi var á hvern mann, langt undir meðaltali hreppsins. Innistæðukúgildi, sem þurfti að greiða eigendum arð af komu til frádráttar skattstofninum, voru nærri 4 (3 hundruð og

¹⁹ Skýrslur um landshagi á Íslandi


²⁰ Prestar höfðu skv. ákvæði eiganda sem ég held að hafi verið Guðný ekkja á Mýrum forgang að ábúð á jörðinni og nýttu þann forgang löngum á 19. öld. Sr. Sigtryggur rauf þá venju þegar hann kom í prestakallið 1905.

111 álnir) þannig að gjaldskyldan varð ekki há, 1,5 hundrað á hvorn búanda, sem hefur þá eftir minni meiningu / skilningi gert 18 álnir í tíund. Eins og sjá má af aldri heimilisfólks á Arnarnesi voru 4 einstaklingar á skólaaldri fyrstu tveggja ára skólans á Núpi. Einn notaði tækifærið og var bæði árin, tvö af átta ef allir hefðu átt vistarinnar kost eða vól. Þetta var Jón Sigurðsson, fyrsti skráði vinnumaðurinn í nemendaskrá Núppsskóla. Hann skrifaði seinna lofsamlega um dvöl sína í afmælisrit sr. Sigtryggs í 100 ára minningu hans. Ekki getur Jón þess hvernig skólavistun var kostuð. Baldvin bóndi á Gerðhömrum var bæði í byggingarnefndinni og gekk í ábyrgð fyrir margnefndu láni. Hann hefur áreiðanlega verið talinn bjargálnamaður þrátt fyrir lága skatta.


Bær	Nafn, fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Gerðhamrar I	01 Baldvin Sigurðsson 1875	1.7.1875	31	Húsbóndi	15
Gerðhamrar I	02 Sigríður Sakaríá Kristjánsdóttir 1874	10.6.1874	32	Húsfreyja	34
Gerðhamrar I	03 Viggó Baldvinsson 1906	29.5.1906	0	Barn húsbænda	8
Gerðhamrar I	04 Haraldur Jónsson 1905	13.12.1905	1	Tökubarn	8
Gerðhamrar I	05 Ragnheiður Bjarnadóttir 1847	15.8.1847	59	Vinnukona	40
Gerðhamrar I	06 Pálína Þorlaug Jóhannesdóttir 1888	25.7.1888	18	Vinnukona	37
Gerðhamrar I	07 Jón Guðmundur Ágúst Hilaríus Sigurðsson	5.9.1889	17	Vinnumaður	18
Gerðhamrar I	08 Guðmundur Eggertsson 1838	24.1.1838	68	Húsmaður	27
Gerðhamrar I	09 Ingibjartur Guðmundsson 1882	5.9.1882	24	Vinnumaður	29
Gerðhamrar II	01 Árni Pálmason 1857	15.7.1857	49	Húsbóndi	53
Gerðhamrar II	02 Sigríður Björnsdóttir 1847	8.10.1847	59	Húsfreyja	32
Gerðhamrar II	03 Kristján Guðmundur Árnason 1890	25.3.1890	16	Barn húsbænda	20
Gerðhamrar II	04 Júlía Ágústa Árnadóttir 1886	25.6.1886	20	Barn húsbænda	14
Gerðhamrar II	05 Guðrún Sigríður Guðbjörnsdóttir 1895	11.12.1895	11	Uppeldisbarn	19

Tafla 17. Gerðhamrar I og II 1906.

Augljóst er að útvegsbændur voru þeir sem voru aflögufærir í sveitinni. Af 10 nöfnum upphafsmanna skólans eru 6 frá þessum bæjum sem nefndir hafa verið í Núppsókn.



Súlurit 24. Ólíkar forsendur heimilanna tveggja á Gerðhömrum.



Súlurit 25. Til vinstri eru Gerðhamrabæirnir og til samanburðar þeir bæir sem áður eru taldir að fólksfjölda ábúðarhundraðum og lausafjórðunda til tíundar.



Mynd 34 Gerðhamrar í eyði 2008



Mynd 36. Gjarðirnar á Gerðhömrum. Berggangar a.m.k. þriggja fornra gossprungna.



Mynd 35. Lendingin á Gerðhömrum. Myndin bendir til fleirir bergganga á svæðinu en þeirra sem sjást á þurru landi. Mynd tekin af sjávangötunni sem gerð hefur verið ökutækjafær.

Alviðra

Kjartan Ólafsson segir fyrst um Alviðru:

Alviðra í Dýrafirði er talin vera landnámsjörð. Að fornu mati var jörðin 78 hundruð að dýrleika og engin jörð í Mýrahreppi var hærra metin nema Mýrar sem voru 80 hundruð áður en Lækjarós, sem byggðist úr þeirra landi var gerður að sjálfstæðu býli.

Bær	Nafn , fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Alviðra I	01 Jóhannes Jónsson 1855	6.11.1855	51	Tómthúshjón	64
Alviðra I	02 Bjarney Þorleifsdóttir 1856	13.5.1856	50	Tómthúshjón	57
Alviðra I	03 Þorvaldur Ásgeir Jóhannesson 1884	18.11.1884	22	Barn húsbænda	28
Alviðra II	01 Guðmundur Jónsson 1865	29.9.1865	41	Húsbóndi	40
Alviðra II	02 Jóhanna Finnbogadóttir 1878	27.11.1878	28	Bústjórn	44
Alviðra II	03 Guðlaugur Kolbeinsson 1894	29.3.1894	12	Fósturbarn	9
Alviðra II	04 Ingbjörg Sveinsdóttir 1895	31.1.1895	11	Fósturbarn	23
Alviðra III	01 Guðmundur Gunnarsson 1838	26.7.1838	68	Húsbóndi	29
Alviðra III	02 Guðrún Marta Jónsdóttir 1847	18.3.1847	59	Húsfreyja	44
Alviðra III	03 Egill Guðmundsson 1881	4.8.1881	25	Barn húsbænda	30
Alviðra III	04 Jónas Hallgrímur Guðmundsson 1886	10.5.1886	20	Barn húsbænda	30
Alviðra III	05 Guðmundur Ágúst Guðmundsson 1878	15.8.1878	28	Lausamaður	66
Alviðra IV	01 Bjarni Sigurðsson 1868	27.5.1868	38	Húsbóndi	68
Alviðra IV	02 Sigurður Bjarnason 1835	8.11.1835	71	Ættingi	27
Alviðra IV	03 Guðmundur Ásgeir Sigurðsson 1896	6.2.1896	10	ættingi vandama	53
Alviðra IV	04 Kristín Jónsdóttir 1856	31.12.1856	50	Bústjórn	3
Alviðra V	01 Vigfús Nathanaelsson 1852	13.5.1852	54	Húsbóndi	61
Alviðra V	02 Sigríður Gunnarsdóttir 1840	14.12.1840	66	Húsfreyja	48
Alviðra V	03 Sigríður Gunnjóna Vigfúsdóttir 1881	31.8.1881	25	Barn húsbænda	66
Alviðra V	04 Erlendur Guðmundsson 1888	4.5.1888	18	Vinnumaður	21
Alviðra VI	01 Jón Sigmundsson 1857	6.1.1857	49	Húsbóndi	47
Alviðra VI	02 Guðrún Magnúsdóttir 1861	7.6.1861	45	Húsfreyja	49
Alviðra VI	03 Bergmann Zakarías Jónsson 1888	9.6.1888	18	Barn húsbænda	61
Alviðra VI	04 Jóna Guðrún Jónsdóttir 1892	9.1.1892	14	Barn húsbænda	28
Alviðra VI	05 Sigríður Magnúsína Ragnheiður Jónsdóttir 1896	19.2.1896	10	Barn húsbænda	40
Alviðra VI	06 Jón Guðmundur Jónsson 1903	31.7.1903	3	Fósturbarn	44
Leiti I	01 Sigurður Jónasson 1870	22.11.1870	36	Húsbóndi	54
Leiti I	02 Jónína G. Sigurðardóttir 1877	19.3.1877	29	Húsfreyja	52
Leiti I	03 Marvín Sigurðsson 1898	7.12.1898	8	Barn húsbænda	23
Leiti I	04 Guðmundur Sigurðsson 1904	29.7.1904	2	Barn húsbænda	45
Leiti I	05 Sigríður Jónasína Andrésdóttir 1895	1.11.1895	11	Léttingur	18
Leiti II	01 Guðbjörn Björnsson 1844	14.4.1844	62	Tómthúshjón	26
Leiti II	02 Guðrún Jónína Bjarnadóttir 1853	16.5.1853	53	Tómthúshjón	25
Leiti II	03 Guðmundur Halldór Guðbjörnsson 1886	28.10.1886	20	Barn húsbænda	22
Leiti II	04 Sveinfríður Steinunn Guðbjörnsdóttir 1893	19.5.1893	13	Barn húsbænda	16
Leiti II	05 Vigdís Magnfríður Guðbjörnsdóttir 1896	30.12.1896	10	Barn húsbænda	14


Tafla 18. Heimilin í Alviðru voru ekki mannmörg.

Enn fremur segir Kjartan:

Í Alviðru hefur löngum verið margbýlt og á 18. og 19. öld voru þar oftast fjórir eða fimm bændur (...). Innsti bærinn í Alviðru var Leiti og stóð uppi á brekkunni eða leitinu innst í landareigninni. Þar stendur enn íbúðarhús með sama nafni. Í sóknarmannatali frá árinu 1786 er býli þetta nefnt Ofanleiti en ekki hafa fundist aðrar heimildir fyrir því nafni. Innan við leitið er merkjasteinn á mótí Núpi og heitir

Náttmálasteinn. Heimabærinn í Alviðru, er stundum var nefndur svo, stóð hins vegar utan við þessa sömu brekku á svipuðum slóðum og núverandi bæjarhús.

Í Alviðru voru 8 heimili 1906 og er þá Leiti meðtalið sem ekki var gert í sóknarmannatölum.



Súlurit 26 Heimilin í Alviðru voru 8 árið 1906. Þau voru fremur fámenn og ekkert þeirra náði skiptitíund. Tvö þeirra, Alviðra I og Leiti II voru tómthús, jarðnæðis og búfjárlaus. Þaðan hefur verið sóttur sjórninn.

Ábúðin 1906 var skv. gildandi jarðabók og búnaðarskýrslu ársins 34,4 hdr. Þetta er mikil niðurfærsla á mati. Búsmali á þessum 8 heimilum er fram talinn 3035 álnir eða 25,3 kúgildi á 36 íbúa. Það gerir 0,7 kúgildi á íbúa.

Hér hefur þurft sjósókn til bærilegrar afkomu.

Heimilin í Alviðru eru fremur fámenn miðað við það sem annars staðar gerðist og meðalaldur í hærri kantinum. Ekki hefur verið margra nemenda að vænta þaðan í Núppsskóla hvað sem efnahag leið. Fjórir eru á skólaaldri 1906, einn þeirra í skólanum. Næsta ár teljast þrjú á skólaaldri, og ein stúlka í skóla. Þetta eru þau systkini Bergmann og Jóna börn Jóns Sigmundssonar og Guðrúnar Magnúsdóttir í Alviðru VI.

Sonur tómthúshjónanna á Leiti 1906 er ekki skráður í skóla.

Í vitund skrásetjara AE uppeldisárin á Núpi myndaðist engin sérstök afstaða til þess hvort Leiti væri í Alviðru eða ekki. Leiti er ekki í bæjarnafnaröðinn í Jarðabók Árna og Páls 1710. Kjartan Ólafsson hefur ekki sérstaka fyrirsögn eða kafla um Leiti í Firðir og fólk 900-1900 en svo er hins vegar í Firðir og fólk 1900-1999. Þar er vísað til nafnsins í sóknarlýsingum 1847 (s. 292). Í sóknarmannatalinu 1906 er alveg skýrt að Alviðrubæirnir eru taldir upp undir rómverskum númerum I-VI en tvíbýlið Leiti I-II. Leiti II er þurrabúð og það er Alviðra I einnig.

Á Leitisbænum sjálfum er skráð léttastúlkan Sigríður Jónasína Andrésdóttir, fædd í Innri-Lambadal 1895, húshjónum er þar voru. Hún fylgir foreldrum sínum út í Alviðru 1898-1903.



Mynd 37. Alviðrubær við þjóðveginn út á Ingjaldssand. Vesturendi Leitisbæjarins uppi á "Leitinu".

Hún finnst ekki skráð í prestakallinu næstu tvö ár en 1906-1907 er hún eins og sést í talinu léttastúlka 11 og 12 ára en síðan vinnukona á Skaga 13 ára. Almennt hefði ekki verið von á vinnukonunafnbótinni fyrr en við 14 ára aldur en um þetta eru allmörg dæmi. Þarna er eitthvað mjótt bil á milli og eins t.d. á milli tókubarns og léttastúlku. Síðan er Sigríður Jónasína hjú á Lækjarósi en eftir það hjá foreldrum sínum á Bessastöðum, alls 18 ár í Mýrahreppi, uns þessi Mýrhreppingur hverfur til Þingeyrar.

Bygginganefnd stúkuhússins var skipuð einum Alviðrumanni, Ágústi Guðmundssyni, lausamanni í Alviðru III. Hann kemur ekki fram í hreppsþótti sem framteljandi eða gjaldþegn. Kjartan Ólafsson segir í umfjöllun sinni um Alviðru í "Vestfjarðarit" að Ágúst á Hrygg eins og hann var kallaður í ungdæmi AE hafi verið skipstjóri á Ísafirði í mörg ár. Kann að vera að hann hafi verið framtalsskyldur þar, þótt ólíklegt sé, eða þá að "atvinnutekjur af sjóferðum" hafi verið innan við 500 krónur á árinu sem þá voru skattfrjálsar.

Á heimili Jóns Sigmundssonar og systkinanna sem gengu í Núppsskóla var enginn vinnumaður. Skammur vegur er frá Alviðru að Núpi og geta þau systkin hafa sinnt bústörfum á heimilinu og sonurinn hafa róðið til fiskjar vor, sumar og haust þótt í skóla væri.

Ein forsenda skólagöngu ungs fólks var auðvitað sú að án þeirra væri unnt að reka búskapinn.

Ekkert heimilanna í Alviðru náði skiptitíund.

Núpur



Mynd 38 Núpur um 2010

Eignarhald Kristins Guðlaugssonar á jörðinni Núpi var forsenda upphafs Núppsskóla. Vöxtur var í efnahagslífi á Vestfjörðum um þær mundir sem hann keypti Núp (1892), þilskipaútgerð, skútuöldin, var í uppsveiflu, vélbátaútgerð fór í hönd. Útibú Landsbanka var stofnað á Ísafirði og þótt rányrkja væri, voru hvalveiðar með stóriðjusniði inngjöf í samfélagið, íþróttir, samgöngur, fatnað og heimilisbúnað. Framfarasinnaðir og stórhuga einkarekstrarmenn jafnt sem félagshyggjumenn (í síðari tíma skilningi) leituðu í þetta umhverfi. Þorpin uxu og Ísafjarðarkaupstaður var í verslunar- og siglingasambandi við útlönd og útlendinga ekki síður en höfuðborgin.


Bær	Nafn , fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Núpur I	01 Kristinn Guðlaugsson 1868	13.11.1868	38	Húsbóndi	57
Núpur I	02 Rakel Jónasdóttir 1868	4.6.1868	38	Húsfreyja	54
Núpur I	03 Tryggvi Sigtryggur Kristinsson 1896	18.11.1896	10	Barn húsbænda	29
Núpur I	04 Hólfríður Kristinsdóttir 1898	17.9.1898	8	Barn húsbænda	43
Núpur I	05 Haukur Kristinsson 1901	4.1.1901	5	Barn húsbænda	48
Núpur I	06 Haraldur Kristinsson 1902	20.6.1902	4	Barn húsbænda	47
Núpur I	07 Valdimar Kristinsson 1904	4.1.1904	2	Barn húsbænda	45
Núpur I	08 Unnur Kristinsdóttir 1906	17.8.1906	0	Barn húsbænda	33
Núpur I	09 Margrét Hallsdóttir 1841	17.2.1841	65	Ættingi	33
Núpur I	10 Sigtryggur Guðlaugsson 1862	27.9.1862	44	Prestur	44
Núpur I	11 Þorsteinn Sigurðsson 1891	19.11.1891	15	Vinnumaður	1
Núpur I	12 Guðbjörg Bjarnadóttir 1883	11.9.1883	23	Vinnukona	25

Tafla 19 Heimilsifólk á Núpi, Kristinshúsi 1906

Núpur varð efnaleg forsenda bræðralags þeirra Kristins, bónda og héraðshöfðingja, og sr. Sigtryggs menntafrömuðar og kristilegs siðapostula, um land undir stúkuhús og persónulega til sr. Sigtryggs undir Skrúð. Land og hús ungmennaskóla, forsenda héraðsskóla 1929.

Árið 1906 voru skv. sóknarmannatali 9 húsráðendur/ heimili á þeirri jörð sem Kristinn hafði keypt, 14 árum fyrr.

Á heimajörðinni, höfuðbólínu "undir Gnúpi" situr Kristinn Guiðlaugsson með stærsta heimilið og vaxandi barnahóp (tafla 19) 5 tómtúsmenn (tafla 20) og þrjár hjáleigubændur (tafla 21).




Súlurit 27. Heimajörðin á Núpi hefur verið aflögufær um jarðnæði með 23,9 ábúðarhundruð

Kjartan Ólafsson safnar gömlum lýsingum á Núpsjörð og höfðingjasetrinu: Öldum saman var Núpur eitt helsta stórbýlið á Vestfjörðum, en að meðtöldum öllum hjáleigum var jörðin talin 60 hundruð að dýrleika eftir fornu mati. Í sóknarlýsingu frá árinu 1840 er landkostum og náttúrufari á Núpi lýst með þessum orðum: "Slægjuland er ekki mikið á þessum bæjum nema á Núpsdal sem einungis heyrir til heimajörðinni. Mjög er vetrarpungt í þessu þorpi vegna snjóþyngsla á vetrum. Beitarland er lítið eða ekkert heima nema á Núpsdal og er hann notaður þar til. Þar er kostasamt land á dalnum og allur peningur þar hafður oftast í seli. Á vetrum er sauðfé haft flest við sjó, á fjörubeit, ásamt nokkru heyi. Móskurður er góður í Innrihúsalandi [Innrihús voru ein af hjáleigunum á Núpi -innsk. K.Ó.] en skógur enginn. ... Langur spölur er til sjávar úr þessu þorpi því undirlendi er mikið en víðast mjög votlent. ... Núpur hefur oftast en einu sinni fengið skemmdir af skriðuföllum. Þar er hlaðið fyrir ofan túnið lítið garðpetti til varnar skriðufalli."

Búfé á Núpi 1906 nemur um 17 kúgildum og er vel við vöxt fjölskyldunnar en þó er ábúðarlandið enn rýmra eða sem nemur um 24 hundruðum / kúgildum.

Kristinn hefur kosið að hjápa fremur tómtúsfólki með nýtingu þessa lands en að gera það sjálfur.




Súlurit 28


Eiginleg tómtúsi á jörð hans þetta ár eru þrjú, Sjónarhóll, Slétta og Rani auk Helgahúss og Stúkuhúss sem hvorugt geta flokkast sem venjulegir sveitabæir.

Þau (tómtúsi-) heimili 19 manns alls, eru jarðnæðislaus að sjálfsögðu en hafa um 5 kúgildi af búfénaði en það var víst fjarri því að nægja 19 manns. Þá er hins vegar beitarþörfin á Núpi í heild

farin að svara til ábúðahundraða Kristins bónda. Þetta fólk hefur því þurft annarrar lífsbjargar við en búskapinn einan eða fara á sveitina ella. Ekki er það kannski líklegasti kosturinn en ekki er kunnugt um



Skífurit 3. Heimili á heimajörð Núps, íbúar.



Skífurit 2. Ábúðarhundrað á Núpi 1906.

hvaða úrræði þetta fólk hafði. Hitt er víst að þessar þurrabúðir / tómtús stóðu ekki mörg ár




Mynd 39. Fjalar flutti marga björg í bú.



nema

Rani sem oftar var skilgreindur hjáleiga en þurrabúð.




Mynd 40. Höfundur nokkurn veginn vaxinn úr grasi á Núpi í grennd við Rafstöðina gömlu sem lítils má sín nú orðið fyrir, veðri, vindum og gróðri.

Bær	Nafn , fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Helgahús	01 Helgi Bjarnason 1854	3.9.1854	52	Tómthúsmaður	32
Sljetta	01 Guðmundur Ágúst Pálsson 1876	12.8.1876	30	Tómthúshjón	7
Sljetta	02 Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir 1875	21.9.1875	31	Tómthúshjón	9
Sljetta	03 Guðmundur Valtýr Ágústsson 1904	8.1.1904	2	Barn húsbænda	4
Sljetta	04 Páll Guðmundsson 1905	7.9.1905	1	Barn húsbænda	2
Sljetta	05 Margrét Sigurðardóttir 1892	5.6.1892	14	Fósturbarn	3
Sljetta	06 Þóra Guðrún Guðmundsdóttir 1881	8.6.1881	25	Lausakona	24
Sjónarhóll	01 Bjarni Hákon Bjarnason 1865	30.9.1865	41	Tómthúshjón	25
Sjónarhóll	02 Sigríður Kjartansdóttir 1865	26.8.1865	41	Tómthúshjón	15
Sjónarhóll	03 Guðjóna Ágústa Bjarnadóttir 1893	24.8.1893	13	Barn húsbænda	13
Sjónarhóll	04 Bjarney Halldóra Bjarnadóttir 1895	19.7.1895	11	Barn húsbænda	8
Sjónarhóll	05 Kjartan Sigurður Bjarnason 1897	5.8.1897	9	Barn húsbænda	11
Sjónarhóll	06 Ingibjörg Kristín Bjarnadóttir 1898	22.12.1898	8	Barn húsbænda	10
Sjónarhóll	07 Guðrún Bjarnadóttir 1902	21.11.1902	4	Barn húsbænda	4
Rani	01 Guðmundur Bjarnason 1875	14.8.1875	31	Tómthúshjón	21
Rani	02 Karólína Friðriksdóttir 1868	22.3.1868	38	Tómthúshjón	22
Rani	03 Kristján Sveinn Helgi Guðmundsson 1900	17.8.1900	6	Barn húsbænda	12
Rani	04 Friðrika Vilborg Jóna Guðmundsdóttir 1902	18.12.1902	4	Barn húsbænda	10
Rani	05 Bjarni Sigurður Guðmundsson 1903	15.12.1903	3	Barn húsbænda	7
Rani	06 María Guðmundsdóttir 1834	28.11.1834	72	Ómagi	17
Stúkuhús	01 Jón Ólafur Kristjánsson 1876	27.12.1876	30	Tómthúshjón	44
Stúkuhús	02 Guðrún M. Gilsdóttir 1879	2.9.1879	27	Tómthúshjón	2
Stúkuhús	03 Kristjana Vigdís Jónsdóttir 1904	23.11.1904	2	Barn húsbænda	39
Stúkuhús	04 Guðjón Marías Sigurðsson 1893	26.5.1893	13	Tökubarn	22
Stúkuhús	05 María Mósesdóttir 1891	15.10.1891	15	Vinnukona	17
Stúkuhús	06 Torfi Hermannsson 1884	24.12.1884	22	Vinnumaður	32
Stúkuhús	07 Kristbjörg Kristjánsdóttir 1883	30.4.1883	23	Lausakona	6

Tafla 20. Tómthúsheimili á Núpi 1906.

Einsetumaðurinn Helgi Bjarnason (f.3.9.1854- dánardagur finnst ekki) átti heima á Núpi og var ýmist skráður vinnumaður, lausamaður eða tómthúsmaður. Við hann var kennt hús í hlaðvarpanum, Helgahús. Hann hafði hvorki ábúð né skepnur en mun hafa stundað sjó frá Ísafirði seinni árin að minnsta kosti.

Tvær af skilgreindum hjáleigum Núpsjarðarinnar eru í ábúð 1906, Kotnúpur og Ytri-Hús




Súlurit 29

þar sem er tvíbýli. Ábúðin á Ytri-Húsum er óvenjuleg. Samkvæmt tíundarframtalinu er Jón Jakob Gabriélsson með allan sinn bústofn á 4,1 hundraða ábúðarparti Ytri-Húsa. Jón reisti um þessar mundir íbúðarhús á þessum jarðarparti og hefur e.t.v. ætlað að flytja þangað inneftir frá Skaga. Um það er ekki vitað en hitt er vitað að hann var þar innra einungis í eitt ár og þau Jensína bjuggu enn í mörg ár á Skaga. Augljóst virðist að búfjáreign

Skagafólksins er ekki í samræmi við ábúðarhundruðin á Ytri-húsum. Jón hlýtur að hafa haft beit og heyskap víðar en þar þetta ár þótt skráningin sé með þessum hætti.

Bær	Nafn , fæðingarár og röð á heimili	Fæd.	Aldur	Staða	Í tali
Kotnúpur	01 Ívar Arnfinnur Einarsson 1842	30.7.1842	64	Húsbóndi	50
Kotnúpur	02 Elísabet Bjarnadóttir 1851	7.8.1851	55	Húsfreyja	46
Kotnúpur	03 Jóhanna Ívarsdóttir 1884	8.9.1884	22	Barn húsbænda	28
Kotnúpur	04 Bjarni Ívarsson 1888	5.4.1888	18	Barn húsbænda	50
Kotnúpur	05 Elínborg Halldóra Ívarsdóttir 1889	12.4.1889	17	Barn húsbænda	22
Kotnúpur	06 Guðrún Ágústa Ívarsdóttir 1890	28.8.1890	16	Barn húsbænda	37
Kotnúpur	07 Jóhanna Einarsdóttir 1838	8.6.1838	68	Ættingi	48
Kotnúpur	08 Raket Sigurðardóttir 1901	29.5.1901	5	Fósturbarn	44
Ytrihús I	01 Finnbofi Friðriksson 1847	18.9.1847	59	Húsbóndi	36
Ytrihús I	02 Ingbjörg Pálsdóttir 1845	16.1.1845	61	Bústjórn	24
Ytrihús I	03 Gísli Oddsson 1894	22.3.1894	12	Fósturbarn	12
Ytrihús I	04 Jónas Jón Valdimarsson 1898	25.7.1898	8	Barn húshjóna	44
Ytrihús I	05 Sigurður Sigurðsson 1870	5.12.1870	36	Tómthúshjón	14
Ytrihús I	06 Guðlaug Indíana Jónasdóttir 1875	13.10.1875	31	Tómthúshjón	21
Ytrihús I	07 Margrét Sigurðardóttir 1899	10.2.1899	7	Barn tómthúshjóna	18
Ytrihús I	08 Anna Jósefína Sigurðardóttir 1903	26.7.1903	3	Barn tómthúshjóna	14
Ytrihús I	09 Jónas Sigurðsson 1904	17.12.1904	2	Barn tómthúshjóna	17
Skagi, Ytrihús	01 Jón Jakob Gabríelsson 1856	13.9.1856	50	Húsbóndi	48
Skagi, Ytrihús	02 Jensína Jensdóttir 1856	19.9.1856	50	Húsfreyja	57
Skagi, Ytrihús	03 Zófónías Sigurður Jónsson 1886	6.9.1886	20	Barn húsbænda	62
Skagi, Ytrihús	04 Jens Guðmundur Jónsson 1890	6.9.1890	16	Barn húsbænda	54
Skagi, Ytrihús	05 Gabríel Jónsson 1893	11.2.1893	13	Barn húsbænda	26
Skagi, Ytrihús	06 Tryggvi Jónsson 1895	18.5.1895	11	Barn húsbænda	25
Skagi, Ytrihús	07 Óskar Jónsson 1897	16.11.1897	9	Barn húsbænda	23
Skagi, Ytrihús	08 Soffía Gróa Gabríelsdóttir 1870	1.11.1870	36	Vinnukona	13
Skagi, Ytrihús	09 Guðmundur Magnús Sólmundarson 1890	12.6.1890	16	Vinnumaður	18

Tafla 21. Hjáleiguheimili á Núpi 1906.



Súlurit 30

Auk þeirra heimila sem nefnd hafa verið á Núpi er komið á laggirnar heimili af öðru tagi, vísi að skólasetri og prestssetri með minnkandi tengslum við frumatvinnuvegina, jarðrækt og sjósókn.



Mynd 41. Myndin er tekin frá bæjarstæði Sjónarhóls og horft inn til Núpsdals. Klukkuland fjærst. Sléttlendið er myndað af Núpsá, margar dagsláttur engja. Óskaland skurðgröfútímans.

Af 55 sóknarbörnum á Núpi sýnast 7 vera á skólaaldri fyrra árið af tveimur hinum fyrstu árum Núpskóla og 3 þeirra í skólanum. Seinna árið sýnast 5 vera á skólaaldri og áfram 3 í skólanum. Það sýnist vera 50% nýting á aldursbilinu en auk þeirra voru 5 notuð af nemendum yngri eða eldri en hinn skilgreindi skólaaldur. Á höfuðbólin sjálfu er enginn á skólaaldri þannig að þeir sem koma í skólann eru af hjáleigunum eða þurrabúðum.

Í stúkuhúsinu voru tvö íveruherbergi auk íbúðarinnar. Þar virðist hafa verið skotið skjólshúsi yfir nemanda eða nemendur á öðru ári skólans.



Mynd 42 Bæjarstæði á Kotnúpi er grænna en næsta umhverfi eins og gerist um gömlu eyðibýlin. Trjágróður við Skrúð lengst til vinstri.



Mynd 43 Heimilisfólk í Kristinshúsi líklega 1947 eða 8. Jóna ráðskona Hauks skyggir á hann eða Valdemar lengst til vinstri. Gæti verið Hólmfríður Kristinsdóttir sem heldur á nöfnu sinni, vinstra megin við Kristin bónda, Sigríður Jensdóttir heldur á Rakel, Soffía Jensdóttir lengst til hægri, Jónína, Gunnhildur, Ásta og Pétur standa.

Lítill efni eða lágir skattar virðast ekki hafa staðið í vegi skólasóknar eða vistar en jafn augljóst virðist hitt að sjósóknin hefur verið forsenda stuðnings við byggingu skólahússins.



Mynd 44. Horft er af Sjónarhóli, yfir Seftjörn, og heim til Núps. Skrúður er upp til hlíðarinnar til hægri. Bærinn Slétta stóð við þessa leið heim að Núpi sem næst því sem vegur liggur nú upp að Skrúði.

Prestar þjónuðu Dýrafjarðarþingum þann tíma sem hér um ræðir. Sr. Jón Jónsson sat á Gerðhömrum til 1883. Hann þjónaði eitt ár til viðbótar frá Söndum (Þingeyri) og sr Kristinn Daníelsson sem þar tók við af honum í þrjú ár einnig frá Þingeyri. Þá tók við sr. Þórður Ólafsson sem síðastur presta sat á Gerðhömrum. Sr. Sigtryggur tók við af honum 1905 og sr. Eiríkur J. Eiríksson aftur við af honum 1938 til þess er talinu lýkur. Þetta voru einhver verstu harðindaár síðari tíma Íslandssögu. Athyglisvert er að sjá að íbúatalan helst svo til jöfn þessi ár og heimilum fækkar einungium þrjú. Fjölgar raunar um eitt í Núppssókn en fækkar um tvö í hvorri hinar.

Mynd 46. Svipmynd þeirra húsa sem- lengst voru ímynd Núppsskóla.



Mynd 45 Uppeldissystkin á Núpi um 1950. Frá Unu.



Mynd 47. Bakhlið skólans. Leikfimisalurinn óbyggður og er því yngri en "Innri-endinn". Frá Hrefnu Hafnfjörð.



Mynd 48. Gróin gata að húsabaki, heimavistar og skólástjóraíbúðar (Byggð 1955). Prestshús á miðri mynd.

